

Bætt dýravelferð

-Staða og tillögur til úrbóta-



Dýraverndarsamband Íslands
2023

Efnisyfirlit

Formáli Dýraverndarsambands Íslands.....	3
Samantekt.....	4
Eftirlit með dýravelferð flyst til MAST.....	7
Fjölbreytt verkefni MAST.....	9
Framlag ríkisins til MAST hefur lækkað undanfarin ár.....	13
Verkefni og skyldur MAST í dýravelferðarmálum.....	15
Úrræði MAST í dýravelferðarmálum.....	17
Tilkynningarskylda um dýrahald en ekki leyfisskylda.....	22
Verklag MAST við eftirlit með dýravelferð.....	24
Tilkynningar um illa meðferð dýra.....	29
Ábendingar og viðbrögð við þeim	31
Skoðunaratriðum vegna dýravelferðar tvöfölduðust milli ára.....	39
Refsingar og inn grip.....	42
Bætt upplýsingagjöf.....	48
Hugsanleg hagsmunatengsl.....	52
Frásagnir af viðbragðsleysi MAST.....	54
Gildi MAST.....	63
Uppbygging á eftirliti með dýravelferð í öðrum löndum.....	65
Hugsanlegar lagabreytingar og úrbætur.....	67

Formáli Dýraverndarsambands Íslands

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) ákvað síðastliðið haust að láta skoða reynslu af eftirliti með velferð búfjár. Það var ákveðið í kjölfar alvarlegs dýravelferðarmáls á Vesturlandi þar sem dýr voru í neyð sökum vanhalds og langvarandi innilokunar. Ríkisendurskoðun ákvað í september að hefja frumkvæðisúttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra sem stjórn DÍS fagnar. Ákveðið var á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar í ágúst að búfjárefeftirlitið yrði eitt af áherslumálum stjórnar á þessu starfsári. Stjórnin ákvað að nauðsynlegt væri að rýna það eftirlit sem á að verja velferð dýra hér á landi og í kjölfarið benda á leiðir til úrbóta.

Stjórn DÍS fól Ágústi Ólafi Ágússyni lögfræðingi og hagfræðingi að vinna slíka úttekt fyrir sambandið ásamt því að skoða beitingu viðurlaga, fjölda kæra og afdrif þeirra í réttarkerfinu. Vegna fjárhagslegra takmarkana þurfti að afmarka verkefnið við eftirlit búfjár um sinn. Skýrslan er viðamikil og sýnir fram á að nauðsynlegt er að efla eftirlit með dýravelferð, m.a. með auknum fjárveitingum til málaflokksins og fjölgun eftirlitsmanna.

Skýrslan er ekki tæmandi um ástand dýravelferðarmála en þótt sjónum sé einkum beint að búfjórhaldu þá er ljóst að úttekin nýtist vel í umræðu um mikilvægi breytinga á eftirliti með velferð dýra almennt. Eitt þeirra mála sem ekki var fjallað um í skýrslunni, en full þörf er á að skoða sérstaklega er til dæmis blóðtaka úr fylfullum hryssum, svokallað blóðmerahald. Það á einnig við um hvalveiðar. DÍS leggst alfarið gegn bæði blóðmerahaldi og hvalveiðum af dýravelferðarástæðum.

Stjórn DÍS vill þakka Ágústi Ólafi fyrir mikla og góða vinnu við gerð skýrslunnar og bindur vonir við að þessi greinargóða úttekt um stöðu búfjárefeftirlits og leiðir til úrbóta verði grunnur að framsæknum ákvörðunum sem leiði til bættrar dýravelferðar í landinu.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar,
Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður DÍS

Samantekt

“The greatness of a nation and its moral progress can be judged by the way its animals are treated.”

— Mahatma Gandhi

Hvernig þjóðir koma fram við dýrin sín segir heilmikla sögu eins og ofangreind tilvitnun vitnar til um. Á Íslandi búa og lifa tæplega 400 þúsund manneskjur og á aðra milljón búfjár. Fuglar telja margar milljónir einstaklinga, spendýra, fiska og ýmis konar smádýrum.

Okkur öllum ber siðferðisleg skylda að hlúa að þessum málleysingjum. Þá liggur sérstök skylda á herðum stjórnvalda við að setja velferð dýra og eftirlit með þeim í öndvegi.

Að undanfögnu hefur hins vegar verið þung umræða um hvort og hvernig þessu eftirliti er sinnt. Matvælastofnun (MAST) liggur undir mikilli gagnrýni frá almenningi að stofnunin bregðist seint og illa við ábendingum um illa meðferð á dýrum.

Dýraverndarsamband Íslands leitaði til skýrsluhöfundar um að gera úttekt á dýravelferð þegar kemur að búfénaði og búfjäreftirliti.

Í þessari skýrslu verður leitast við að draga saman hlutverk, verkefni, verklag og skyldur MAST þegar kemur að dýravelferð. Farið verður vel yfir þau úrræði sem MAST hefur nú þegar í dýravelferðarmálum og lagðar eru fram fjölmargar tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Þá er minnst á nokkur einstök mál sem bárust skýrsluhöfundi eða hafa verið í fjölmiðlum að undanfögnu. Sérstaklega er fjallað um upplifun fjölmargra einstaklinga af eftirlitshluverki stofnunarinnar og meintu viðbragðsleysi hennar.

Vægast sagt ríkir talsvert vantraust á meðal almennings gagnvart MAST. Slíkt er mikið áhyggjuefni og er því ljóst að talsvert verk bíður, bæði hjá MAST og hjá fagráðuneyti stofnunarinnar, Matvælaráðuneytinu, til að bregðast við þessu alvarlega vantrausti. Eftirlitsaðili sem nýtur ekki traust almennings á í alvarlegum tilvistarvanda.

Í þessu sambandi talaði skýrsluhöfundur við fjölmarga aðila sem margir vildu koma undir nafnleynd eða deila frásögn sinni nafnlaust.

Fjallað er í skýrslunni um hugsanleg hagsmunatengsl eftirlitsaðila og eftirlitsþega og lagðar eru fram hugmyndir um að bæta upplýsingagjöf stofnunarinnar til almennings, ekki síst með nýrri túlkun á upplýsingalögum. Loks er aðeins fjallað um uppbyggingu eftirlits í öðrum löndum.

Annað sem kemur m.a. fram í skýrslunni:

- Framlag ríkisins til MAST hefur **lækkað** að raunvirði að undanförunum árum.
 - Helmingi færri stöðugildi sinna nú eftirliti með búfénaði en áður var.
- MAST hefur nú eftirlit með **6 þús. starfsstöðvum** sem hafa með dýr að gera.
 - Markmið MAST er að að jafnaði sé eftirlit með starfsstöð með hross fjórða hvert ár, með nautgripum þriðja hvert ár, með sauðfé þriðja hvert ár, með alifuglum annað hvert ár og með svínunum á hverju ári.
 - Hins vegar kom fram við að þessi markmið nást ekki alltaf.
- Fjöldi heimsókna MAST vegna eftirlits búfjár árið 2022 var 1.616 talsins.
 - Skoðunaratriði MAST vegna dýravelferðar **hafa tvöfaldast** á þremur árum.
 - Mun lægra hlutfall er á „**óboðuðu eftirliti**“ í svínarækt og alifuglarækt heldur en hjá hrossabændum og sauðfjárabændum.
- **Yfir 5 þús. ábendingar** um grun um illa meðferð á dýrum bárust til MAST á undanförunum 9 árum.
 - Ábendingum hefur farið fjölgandi undanfarin ár.
 - Flestar ábendingar vegna búfjár berast vegna hrossa en nánast engar ábendingar berast vegna svína.
 - Því huldari sem starfsemin er, því færri ábendingar berast.
- Alls lagði MAST til að **224 dýravelferðarmál yrði lokið með sekt, vörslusviptingu eða kæru á rúmu 7 ára tímabili (2016-2023). Um helmingur þessara mála var hins vegar felldur niður.** Skiptingin var eftirfarandi:
 - **Dagsektir: 116**
 - Þar af var meira en helmingur eða 60 af þeim felldar niður því úrbætur voru gerðar.
 - 22 sinnum var málið felld niður.
 - 19 sinnum voru dagsektir stöðvar því úrbætur voru gerðar (10) eða þvingun var aukin (9).
 - **Stjórnvaldssektir: 49**
 - Þar af var 28 sinnum stjórnvaldssekt lögð á og innheimt, 6 mál eru enn í vinnslu en annars var sektin felld niður í 15 skipti.

- **Vörslusvipting:** 43
 - Þar af voru 22 vörslusviptingar framkvæmdar en hinnar voru felldar niður (15) eða enn í vinnslu (6).
- **Kærur til lögreglu:** 16
 - Þar af voru 3 mál felld niður af hálfu MAST.
- Að jafnaði eru því um **rúmlega 30 mál sem snerta dýravelferð á ári** sem er lokið með þvingunum, refsingum eða kærur til lögreglu af hálfu MAST.
- Athygli vekur að **afskaplega fáa dóma** er að finna sem lúta að dýravelferð.
- **Í skýrslunni eru lagðar fram 17 tillögur til úrbóta og þar með talið:**
 - Setja á fót nýja stofnun, **Dýravelferðarstofu Íslands undir umhverfissráðuneyti í stað matvælaráðuneytis**. Þannig yrði eftirlit með dýravelferð aðskilið frá starfsemi MAST og gert hærra undir höfði en hefur tíðkast undanfarin ár. Þá væri einnig hægt að hugsa sér að eftirlit með dýravelferð færist til nýrrar stofnunar Náttúruvísinda eða Náttúruverndar- og minjastofnunar.
 - **Leyfisskylda allt búfjárhald** á Íslandi.
 - **Stórauka upplýsingagjöf** stofnunarinnar um meðferð mála.
 - **Setja á fót „dýraathvarf“** þannig að stofnunin geti tryggt aðbúnað þeirra dýra sem hafa verið tekin úr umsjá umráðamanns. Nú er vörslusviptum dýrum of oft aflífuð þar sem úrræði vantar.
 - **Auka eftirlitstíðni og -getu nýrrar Dýravelferðarstofu**, ekki síst óboðað eftirlit með alifuglum og svínum og bæta áhættumat stofnunarinnar.
 - Tryggja **skilvirka og skjóta verkferla ásamt auknum málshraða** þegar vaknar grunur um illa meðferð á dýrum.
 - Auka **sektar- og kærheimildir stofnunarinnar** og rétt almennings til að kæra hugsanleg brot til lögreglu.
 - **Auka valdheimildir stofnunarinnar og tryggja hlutleysi hennar**.
 - Tryggja að þeir aðilar sem gerast brotlegir við dýravelferð **missi opinberan stuðning við búrekstur sinn**.
 - **Efla fagrád um velferð dýra** og tryggja sjálfstæði þess.
 - **Efla stuðning og samvinnu við félög sem vinna að velferð dýra**.

Mars 2023

-Ágúst Ólafur Ágústsson-

Eftirlit með dýravelferð flyst til MAST

Matvælastofnun (MAST) hóf störf 1. janúar 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einum hatti. Stofnunin starfar undir yfirstjórn Matvælaráðuneytis.

Árið 2013 var stjórnsýsla og eftirlit með dýravelferð flutt frá Umhverfisstofnun til MAST.

Árið 2014 var búfjárefartilrit fært frá sveitarfélögum til MAST samhliða endurskipulagi eftirlits með dýravelferð. Þá tóku gildi ný lög um dýravelferð 1. janúar 2014. Þau leysa af hólmi lög um dýravernd frá 1994 og í þeim felast mun ítarlegri úrræði fyrir Matvælastofnun en áður voru til staðar til að taka á málum þar sem illa er farið með dýr og þar með talið beitingu sekta. Lögin ná núna yfir allt dýrahald, bæði í atvinnuskyni og gæludýrahald.

Á sama tíma tóku í gildi ný lög um búfjárhald, þar á meðal fluttust verkefni búfjáreftilritsmanna til MAST. Búfjáreftilritsmenn, sem störfuðu hjá sveitarfélögunum, voru um 40 manns en áætluð stöðugildi þeirra voru 10 – 12. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun voru hins vegar ráðnir sex starfsmenn í þeirra stað og því var ljóst að strax yrði mikil hagræðing í eftirliti með dýravelferð með fækkun um 4-6 stöðugildi. Sérhver eftirlitsaðili á að sinna einu umdæmi stofnunarinnar.

Samhliða fækkun búfjáreftilritsmanna átti m.a. að tryggja skilvirkara eftirlit þar sem nándin milli eftirlitsmanns sem í sumum tilvikum voru bændur sjálfir, væri minnkuð gagnvart þeim sem eftirlitið beindist að.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST er iðulega stefnt að því að aðeins einn eftirlitsaðili komi að jafnaði frá stofnuninni til að sinna öllu eftirliti í hverri heimsókn. Misjafnt er þá hvort eftirlitsaðili er dýralæknir eða búvísindamaður að mennt, allt eftir því hvað til stendur að skoða hverju sinni.

MAST hefur eftirlit með um 6 þúsund fyrirtækjum og einstaklinga sem eru undir eftirliti stofnunarinnar. Jafnframt bætist við allur almenningur, eða sá hluti hans sem heldur gæludýr, auk þeirra sem stunda dýraeldi hvort sem um er að ræða landbúnað eða fiskeldi. Nú starfa tæplega 100 manns hjá MAST.

Fjöldi búfenaðar á Íslandi, Hagstofan 2022:

Hross: 52.000

Nautgripir: 79.000

Sauðfé: 365.000 (í vetrafóðrun)

Svín: 3.000 gyttur og geltir
(með grísum verður fjöldinn 40.000 hverju sinni)

Alifuglar: 970.000 (varphænsni 172.000)

Geitur: 1.900

Loðdýr: 11.000

Samkvæmt ársskýrslum stofnunarinnar kemur í ljós að fjöldi starfsstöðva sem lúta eftirliti MAST er svipaður milli 2020 og 2021. Sé litið til ársskýrslu ársins 2019 er fjöldinn svipaður nema þegar kemur að starfsstöðvum sem hafa hross en þá voru þær 1.846 (tæplega 600 færri en 2021) og í tilviki geita voru þær um helmingi færri árið 2019 en árið 2021.

Fjöldi starfsstöðva árið 2021 sem lúta eftirliti MAST

skipt niður á dýrategundir var eftirfarandi:

Þáttur	Fj. starfsstöðva í árslok	Reglubundið eftirlit	Eftirlit þarf að fara fram**
Alifuglar	61	27	Annað hvert ár
Geitur	72	25	Þriðja hvert ár
Hross	2,407	736	Fjórða hvert ár
Nautgripir	809	241	Þriðja hvert ár
Sauðfé	2,421	651	Þriðja hvert ár
Svín	18	19	Einu sinni á ári

Skýrsluhöfundur hefur undir höndum nýrri tölur um fjölda starfsstöðva frá 1. janúar 2023 en þar kemur fram að fjöldi starfsstöðva sem eru undir eftirlit MAST hefur ekki breyst mikið frá 2021.

Fjölbreytt verkefni MAST



Verkefni MAST eru mjög fjölbreytileg. Samkvæmt ársskýrslum og lögum vinnur Matvælastofnun að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá frumframleiðslu og heilbrigði og velferð dýra, til heilnæmis búfjár- og sjávarafurða, plöntuheilbrigðis, fódurs og vinnslu og dreifingar þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum.

Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:

- Matvælaöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat og fiskeldi
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Búnaðarmál: Stuðningsgreiðslur, gæðastýring og hagtölur landbúnaðarins
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnarsýsluverkefni: Lögfræði, alþjóðamál, samræming og úttektir.

MAST starfar samkvæmt lögum 30/2018, fyrri lög voru nr. 80/2005. Í fyrri lögum um MAST var vísað í 21 mismunandi lög sem lúta að verkefnum stofnunarinnar, sem síðan er greint nánar frá í margvíslegum reglugerðum.

Lögin sem vísað er í varðandi hlutverk MAST skv. 2. gr. laga nr. 80/2005 eru eftirfarandi:

- Nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
- Nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
- Sóttvarnalög, nr. 19/1997.
- Nr. 94/1962, um almannavarnir.
- Nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.
- Nr. 54/1990, um innflutning dýra.
- Nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.
- Lyfjalög, nr. 93/1994.
- Nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- Nr. 55/2002, um útflutning hrossa.
- Nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.
- Nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.
- Nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.
- Búvörulög, nr. 99/1993.

- Nr. 38/2013 um búfjárhald o.fl.
- Nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
- Nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.
- Nr. 93/1995 um matvæli.
- **Nr. 55/2013 um dýravelferð.**
- Nr. 71/2008 um fiskeldi.
- Nr. 90/2011 um skelfiskrækt

Á grundvelli þessara laga hafa yfir 300 reglugerðir verið settar sem fjalla um starfsemi stofnunarinnar eða eftirlit sem henni ber að sinna.

Ofangreind upptalning sýnir glöggst hversu margvísleg verkefni MAST eru.

Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr.



Þegar kemur sérstaklega að eftirlit Matvælastofnunar með dýrahaldi og matvælaframleiðslu á frumframleiðslustað þá nær það yfir eftirfarandi þætti:

1. Heilbrigði og líðan dýra
2. Merkingar dýra
3. Heilnæmi fóðurs

4. Hollustuhætti í matvælaframleiðslu
5. Notkun lyfja
6. Fóðurbirgðir og gripafjölda auk gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Starfsemi MAST er hluti af samevrópsku eftirlitsstarfi með framleiðslu og meðhöndlun matvæla, ekki síst úr dýraríkinu, sem er grundvöllur þess að Ísland geti rækt skyldur sínar og þar með verið þátttakandi í sameiginlegum markaði EES. Það að MAST starfi á grundvelli Evrópulöggjafar og geti notið trausts bæði hér á landi og erlendis er því gríðarlega mikilvægt.

Trúverðugt dýraeftirlit skiptir því miklu máli, ekki einungis gagnvart eftirlitsþegum heldur einnig gagnvart almenningi.

Það vekur hins vegar athygli að þegar farið er yfir „Árið í orðum“ í nýlegum ársskýrslum MAST er tæplega minnst á dýravelferð. Árið 2021 var einungis minnst á þau mál sem snertu blóðmerahald. Í skýrslunni 2020 var ekki minnst á dýravelferð eða dýravernd í þessum kafla ársskýrslunnar. Sömu sögu er að segja í ársskýrslu 2019.

Framlag ríkisins til MAST hefur lækkað undanfarin ár



Fjárheimild MAST felur í sér að Matvælastofnun er ætlað að afla eigin tekna, þ.e. að innheimta gjald fyrir framkvæmt eftirlit ásamt framlögum af fjárlögum.

Áður höfðu sum sveitarfélög innheimt gjald fyrir búfjárefirlitið en önnur ekki og var þá reikningur sendur til viðkomandi bónda í kjölfar heimsóknar. MAST hefur verið fjármagnað 70% með fjárframlagi á fjárlögum en 30% með tekjum frá eftirlitsþegum.

Gjaldskrá stofnunarinnar hefur ekki verið hækkuð frá árinu 2018, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stofnunarinnar um hækkunir.

2023: Framlag úr ríkissjóði til MAST fyrir árið 2023 liggur fyrir í fjárlögum og er það **1.486 milljarður** króna.

2022: Framlag úr ríkissjóði árið 2022 til MAST var samkvæmt fjárlögum **1,454 milljarður kr.**


2021: Samkvæmt ársskýrslu 2021 var velta MAST rétt rúmlega 2 milljarðar kr. og þar af var framlag ríkisins um 1,399 milljarður (**1,530 mkr á verðlagi 2022**).

2020: Árið áður eða 2020 var velta rúmlega 1,840 milljarður kr og framlag ríkisins það árið var 1,404 milljarður kr. (**1,602 mkr á verðlagi 2022**).

2019: Árið 2019 var veltan 1,900 milljarður kr og framlag ríkisins 1,430 milljarður kr. (**1,690 mkr á verðlagi 2022**).

2018: Árið 2018 var velta um 1,750 milljarður kr og framlag ríkisins 1,330 milljarður kr. (**1,618 mkr á verðlagi 2022**).

Eins og má sjá hér að ofan þá hefur skýrsluhöfundur uppreiknað framlag ríkisins til stofnunarinnar á fast verðlag og kemur þá í ljós að á verðlagi ársins 2022 var framlag úr ríkissjóði lægra til MAST árið 2022 heldur síðastliðin fjögur ár.



Verkefni og skyldur MAST í dýravelferðarmálum

Lög um velferð dýra nr. 55/2013 leggja ýmsar kvaðir á MAST. Fyrir hið fyrsta er markmið laganna afskaplega skýrt:

„Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“

Þá stendur skýrum stöfum í lögnum:

„Skylt er að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi.“

„Ill meðferð dýra er óheimil.“

„Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið í samræmi við lög þessi.“

„Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra.“

„Umráðamaður dýra skal tryggja að dýr séu haldin í umhverfi sem samræmist sjónarmiðum um velferð dýra, m.a. hvað varðar öryggi þeirra og heilbrigði, og tekur tillit til bæði sérstakra þarfa dýrsins og séreinkenna tegundarinnar.“

„Umhverfi dýra skal vera þannig, eftir því sem við á, að þau geti athafnað sig, hreyft sig, hvílst, notið útivistar, beitar eða viðhaft annað atferli sem þeim er eðlilegt.“

„Dýr skulu hafa skjól fyrir veðrum í samræmi við þarfir sínar þegar þau eru úti að staðaldri. Að vetri til skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól fyrir öllum veðrum.“

Jafnframt stendur:

„Umráðamönnum dýra ber að tryggja dýrunum góða umönnun, þ.m.t. að:

- a. sjá til þess að þörfum dýranna sé sinnt að jafnaði einu sinni á dag; þetta gildir þó ekki um dýr í sumarhögum,
- b. tryggja gæði og magn fóðurs, beitolands og vatns þannig að fullnægi þörfum dýranna,
- c. tryggja grasbítum beit á grónu landi á sumrin,
- d. vernda þau gegn meiðslum, sjúkdómum og sníkjudýrum eða annarri hættu,
- e. sjá til þess að sjúk eða slösuð dýr fái tilhlýðilega lækni meðferð eða séu aflífuð,
- f. venja dýr við umgengni við menn, eftir því sem við á,
- g. tryggja að útbúnaður sé til staðar svo unnt sé að annast um þau og meðhöndla á viðunandi hátt.“

Úrræði MAST í dýravelferðarmálum



Samkvæmt lögum hefur MAST ýmis úrræði til að bregðast við meintum brotum á dýravelferð.

Yfirlit yfir helstu úrræði MAST (ekki tæmandi upptalning):

1. Matvælastofnun er **heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir** á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða.

2. Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot getur **lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslum umráðamanns** samkvæmt ákvörðun MAST. Í þessu skyni hefur **lögregla** heimild til að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum þeim er í hlut eiga skaða.
3. Við skoðun og eftirlit skal umráðamaður dýra **veita án endurgjalds alla nauðsynlega aðstoð við eftirlitið**, svo sem aðstoð starfsmanna, aðgang að húsakynnum og tækjabúnaði.
 - a. Hvað þetta varðar hefur forstjóri MAST hins vegar bent á að „í málum þar sem stofnunin vörslusviptir umráðamann dýrum, þá höfum við heimild til að skipa bústjóra en við getum ekki skipað bústjóra nema varsla dýranna sé komin í hendur MAST og bústjóri er því að sinna dýrum sem er í vörslu MAST. Það er svo stundum flóknara í raunveruleikanum þó svo við höfum þessar heimildir. Algengt er að leitað sé til nærsamfélagsins og það er ekki auðfundið þar sem fæstir vilja eða geta komið inn og sinnt heilu búi í einhvern tíma því þetta er oft í einhverja daga og þá með oftast erfiðan eiganda á hliðarlínunni. Það þarf að fóðra, mjólka, moka út og svo framvegis – og aðilar sem hafa þekkingu á þessu eru sjálfir í búskap. Eins þarf að huga að því að þetta fer fram í húsum og á landi aðilans sem hefur verið vörslusviptur og sá getur virkilega gert okkur og bústjóranum erfitt fyrir, til dæmis með að neita aðgangi að tækjabúnaði og heyi og jafnvel aðgangi að dýrunum. Þannig að það hefur oft verið mjög erfitt að fá inn aðila sem vilja taka við sem bústjóri. Í erfiðum tilfellum er MAST að vinna að þessu með aðstoð lögreglu til að tryggja öryggi okkar starfsfólks. Þarna eru gjarnan aðstæður sem fáir vilja setja sig í. Þannig að þó þessar heimildir séu í lögum þá hefur verið áskorun að beita þeim í raunveruleikanum. En að setja bústjóra eða leggja á tímabundið bann við búfjárhaldi á eingöngu við þegar búið er að vörslusvipta.“

4. Matvælastofnun er heimilt að **takmarka eða stöðva starfsemi** þegar um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða eða ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests.

5. Matvælastofnun er heimilt að **beita dagsektum** gagnvart umráðamanni.
6. Matvælastofnun er heimilt að **gera kröfur um úrbætur**. Láti umráðamaður dýra ekki segjast við tilmæli Matvælastofnunar getur stofnunin látið **vinna úrbætur á hans kostnað**.

7. Matvælastofnun er heimilt að taka ákvörðun um að **svipta umráðamann dýra vörslu þeirra**, ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests. Við vörslusviptingu skal Matvælastofnun ákveða hvort dýrin skuli flutt burt eða þeim haldið þar sem þau eru.

8. Matvælastofnun er **heimilt að láta aflífa dýr** sem stofnunin hefur umráð yfir vegna vörslusviptingar að liðnum tveimur sólarhringum takist hvorki stofnuninni né eiganda að finna viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýr. **Matvælastofnun telst vera umráðamaður dýra á meðan vörslusvipting stendur yfir** og er skylt að annast um þau, á kostnað umráðamanns.
9. Matvælastofnun skal **ráðstafa dýrunum og getur látið bjóða dýr upp**, selt þau til lífs eða slátrunar eða látið aflífa þau sé ekki unnt að ráðstafa þeim á annan hátt.
10. Matvælastofnun er **heimilt að leggja hald á tæki og tól** til að koma í veg fyrir slæma meðferð á dýrum.
11. Við vörslusviptingu er ráðherra heimilt að **fella niður opinberar stuðningsgreiðslur**.
12. Telji Matvælastofnun **að úrbætur þoli enga bið getur stofnunin tekið dýr úr vörslu umráðamanns eða aflífað dýr** sem hafa orðið fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Matvælastofnun er **þá ekki skylt að veita andmælarétt samkvæmt stjórnisýslulögum þegar úrbætur þola enga bið**.

13. Telji Matvælastofnun það nauðsynlegt, til að stöðva eða koma í veg fyrir illa meðferð á dýrum, getur hún fyrirvaralaust og til bráðabirgða **svipt umráðamann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið.**

14. Matvælastofnun getur **lagt stjórnvaldssektir á mann eða lögaðila** sem brýtur gegn vissum ákvæðum laganna og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

15. Stjórnvaldssektir geta numið frá **10 þús. kr. til 1 millj. kr.** en heimilt er að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti en þó aldrei hærri en 5 millj. kr. Ekki skal beita öðrum refsiviðurlögum þegar stjórnvaldssekt er beitt.

16. Matvælastofnun er heimilt að leggja á **dagsektir** að hámarki kr. 100 þús. á dag.

17. Matvælastofnun er **heimilt að svipta leyfishafa leyfi sem gefið er út skv. 18. gr. sem er um flutning á dýrum og rekstur búfjar**, verði hann ítrekað uppvís að því að vanrækja skyldur sem á honum hvíla.

18. Hafi aðili gerst sekur um **stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum sem eru settar með stoð í þeim má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti.** Sama gildir ef ljóst þykir að aðili hafi ekki getu til að annast dýr. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt.

19. Það getur varðað **sektum eða fangelsi allt að einu ári** ef brotið er ákveðin ákvæði laga s.s. broti á tilkynningarskyldu um illa meðferð, broti á umönnunarskyldum, broti á bannákvæða laganna, broti á fullnægjandi aðbúnaði fyrir dýr, broti vegna flutnings á dýrum, aðgerðum á þeim, ræktun, aflífun, merkingar, veiðum eða vegna útbúnaðs sem ekki stenst löggin svo eitthvað sé nefnt. Nú er brot stórfellt eða ítrekað og skal maður þá sæta fangelsi allt að **tveimur árum.**

20. Gera má **lögaðila sekt** vegna refsíabyrgðar óháð sök fyrirvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans.

21. Brot gegn lögum um dýravelferð sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar. Ef brot eru meiri háttar ber Matvælastofnun að vísa þeim til lögreglu.



Tilkynningarskylda um dýrahald en ekki leyfisskylda



Í dýravelferðarlögum er hvergi gert ráð fyrir að leyfi MAST þurfi fyrir almennu dýrahaldi, hvort sem um er að ræða gæludýr eða búskap. Umfangsmikið og tæknivætt dýrahald er þó skylt að tilkynna til MAST áður en starfsemi hefst.

Mjólkurbændur þurfa starfsleyfi (oft kallað mjólkursöluleyfi) frá MAST en það byggist á matvælalögum en ekki dýravelferðarlögum. MAST getur svipt

mjólkurbændur þessu starfsleyfi á grundvelli matvælalaga (matvælaöryggi ábótavant).

Sum starfsemi með dýr er því tilkynningarskyld til Matvælastofnunar en ekki eru gefin út nein almenn starfsleyfi en óheimilt er að hefja starfsemina fyrr en liggur fyrir að skilyrði í reglugerð sem varðar starfsemina séu uppfyllt.

Tilkynningarskyldri starfsemi er skipt upp í tímabundna starfsemi (dýrasýningar) eða varanlegt dýrahald eða þjónustu.

Hverjum sem ætlar að eignast **nautgrip** ber að tilkynna það til Matvælastofnunar svo tryggt sé að lögbundnar skráningar, merkingar og eftirlit geti hafist.

Tilkynningarskylda er á **svínahaldi** með fleiri en 2 fullorðnum svínum og/eða 20 grísum eða fleiri.

Hver sem ætlar að eignast **sauðfé eða geitfé** skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo tryggt sé að lögbundnar skráningar, merkingar og eftirlit geti hafist.

Reglugerð um velferð **hrossa** kveður á um úttektarskyldu Matvælastofnunar á margskonar hestahaldi í atvinnuskyni. Ábyrgðarmönnum slíkrar starfsemi ber að tilkynna starfsemina til Matvælastofnunar eigi síðar en 30 dögum áður en hún hefst og einnig ber að tilkynna starfsemi sem hófst fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Tilgangurinn er að treysta smitvarnir og viðbrögð við smitsjúkdómum og að auðvelda eftirlit með velferð hrossa. Opnuð hefur verið rafræn leið í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar.

Reglugerð um velferð **alifugla** kveður á um úttektarskyldu Matvælastofnunar á alifuglahaldi. Umráðamanni slíkrar starfsemi ber að tilkynna starfsemina til Matvælastofnunar eigi síðar en þremur mánuðum áður en áætluð starfsemi hefst. Tilgangur úttektarinnar er að Matvælastofnun geti staðfest að skilyrði varðandi húsakost, búnað og þekkingu sem tilgreind eru í reglugerð um velferð alifugla séu uppfyllt. Eftirfarandi alifuglahald eða starfsemi er úttektarskyld: Bú með samtals 250 alifuglum eða fleiri, alifuglahús fyrir 250 alifugla eða fleiri, útungunarstöðvar (staður þar sem meira en 1.000 frjóeggjum alifugla er ungað út samtímis í vélum), nýbyggingar eða meiriháttar breytingar á húsakosti og ef umráðamaður hyggst auka þéttleika umfram 33 kg/m² aðgengilegs gólfsvæðis í kjúklingahúsum.

Þrátt fyrir það hefur ítrekað verið bent á að **skortur er á áskilnaði um sérstakt leyfi fyrir almennu búfjárhaldi en fjallað verður síðar um það í skýrslunni. Slík leyfisveiting gæti síðan orðið grundvöllur leyfissviptingar.** Þó er nú hægt að svipta einstaklingi með dómi heimild til að hafa dýr í umsjón sinni.

Yrði almenn leyfisskylda tekin upp væri hægt að hugsa sér hana þannig að hún yrði bundin við alla ábúendur á viðkomandi búi eða við búið sjálft. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir að hægt yrði að flytja leyfi á milli ábúenda á sama búi.

Einn viðmælandi skýrsluhöfundar taldi að það væri einnig hægt að hugsa sér að almenn leyfisskylda myndi auðvelda eftirlit og inngríp þar sem útihús væru þar með skilgreint sem atvinnurekstur en ekki sem hluti af heimili fólks.

Verklag MAST við eftirlit með dýravelferð



Samkvæmt lögum um velferð dýra skal opinbert eftirlit með dýravelferð vera **áhættumiðað** og með nægri tíðni til að ná markmiðum löggjafarinnar að teknu tilliti til áhættu, frammistöðu og áreiðanleika innra eftirlits. Matvælastofnun, í samvinnu allra hlutaðeigandi aðila, hefur unnið áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi til þess að meta eftirlitsþörf (tíðni) með frumframleiðslu og öðru dýrahaldi.

Þá ber stofnuninni að bregðast við ábendingum frá almenningi en fjallað verður sérstaklega um ábendingar síðar í skýrslunni.

Þegar kemur að eftirliti með dýravelferð þá er litið til þekktrar sögu viðkomandi dýrahalds, stærð búa auk þess sem hluti eftirlitsstaða mun byggjast á slembiúrtaki ef ekki liggur fyrir áhættuflokkun um hvað verður skoðað og hvaða staðir verða heimsóttir.

Matvælastofnun hefur útbúið **skoðunarhandbækur** fyrir starfsmenn sem notast er við í eftirliti með dýravelferð. Skoðunarhandbækur og gátlistar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Neðangreindur texti er fenginn úr nýlegu svari MAST til matvælaráðuneytis frá 25. nóvember 2022 varðandi framkvæmd og verkferla stofnunarinnar þegar grunur leikur á að umráðamenn dýra uppfylli ekki ákvæði laga:

“Samkvæmt skoðunarhandbók eru eftirfarandi upplýsingar gefnar til starfsmanna varðandi framsetningu á niðurstöðum skoðana í skýrslu...”: Þegar skýrslan hefur verið yfirfarin í “ÍsLeyfi” er hún send til umráðamanns/rekstraraðila í tölvupósti. Skýrslan skal að öllu jöfnu vera send sjö virkum dögum eftir að skoðun fór fram. Þegar umráðamaður/rekstraraðili opnar skýrsluna er staðfesting skráð í ÍsLeyf. Ef skýrslan er ekki opnuð eða ef umráðamaður/rekstraraðili er ekki skráður með netfang er skýrslan prentuð út og send viðkomandi í pósti. Skoðunarmaður sem skráir og sendir skýrslu er ábyrgur fyrir framkvæmdinni sem kemur fram hér að ofan.

Ef eftirlitsheimsókn og/eða ritun skýrslu tengist ábendingu eða umsókn úr þjónustugátt er númer ábendingar/málsnúmer umsóknar skráð í reitinn ‘Nánari lýsing’ þegar skýrsla er stofnuð í Ísleyfi.

Mikilvægt er að ávallt sé vandað til orðanotkunar í skoðunarskýrslum þegar vísað er til eftirlitsþega. Álit eftirlitsaðila á aðstæðum eða persónum, annað en faglegt, á ekki erindi í skoðunarskýrslur. Leiðbeiningar MAST, LBE-155 um skráningu í kerfi stofnunarinnar með tilliti til persónuverndar, eru einnig leiðbeinandi hvað þetta varðar.

Vakni grunur skoðunarmanna í eftirliti um óviðunandi aðstæður sem eru utan starfssviðs MAST en ættu erindi til annarra yfirvalda, ætti að tilkynna það sem fyrst og tryggja að slíkar tilkynningar berist réttum aðilum. Sem dæmi um slíkar aðstæður eru félagsleg vandamál, barnaverndarmál, mansal, umhverfisvandamál (mengun) eða ófullnægjandi brunavarnir.“

Jafnframt eru þeim gert að setja fram fresti ef slík á við, sbr.:

„Tímasetning næstu skoðunar miðast út frá þeim skoðunatriðum sem hafa stysta tímafrestinn til úrbóta. Áætluð tímasetning á næstu skoðun, sem getur verið reglubundin eða eftirfylgni, kemur fram á fyrstu síðu skýrslunnar og hefur umráðamaður/rekstraraðili að jafnaði þann tímafrest til úrbóta.

Sé um eftirfylgni að ræða kemur fram á skýrslu áætluð dagsetning eftirfyllniskoðunarinnar. Sé um reglubundna skoðun að ræða leitast skoðunarmaður við að upplýsa umráðamann/rekstraraðila um áætlaða tímasetningu

næstu skoðunar. Hafa ber í huga niðurstöður eftirlits og eftirlitsáætlun sem byggð er á áhættumati og grunneftirlitsþörf starfsstöðvarinnar.“

Komi fram grunur um refsivert atvik ber þeim að upplýsa um eftirfarandi:

„Vakni grunur um refsivert brot á velferð dýra skal skoðunarmaður (skm) MAST meta hvort aðstæður gefa ástæðu og tækifæri til að fara með möntruna við aðila máls (sjá neðar). Ef það er ekki unnt færast þessi skylda til HD sbr. lið 3. Skm upplýsir áað-teymi um málið eins fljótt og unnt er. Sjá einnig VLY-002.

Skm upplýsir eftirlitsþega/umráðamann á staðnum um að rökstuddur grunur sé um að viðkomandi hafi gerst sekur um lögbrot (lýst í stuttu máli í hverju það felst) og að honum sé heimilt að neita að svara frekari spurningum eða afhenda gögn og muni um brotið. Jafnframt skal koma fram að brotið getur leitt til álagningar stjórnvaldssekta af hálfu MAST eða kæru til lögreglu (mantra). Umráðamaður er jafnframt beðinn um að undirrita yfirlýsingu (EBL-009) þess efnis að hann þekki rétt sinn og hafi verið kynntir málavextir. Kjósi umráðamaður að tjá sig um málið skal það skráð sem fram kemur og mikilvægt getur talist fyrir málsmeðferð. Skm heldur einu undirrituðu eintaki, umráðamaður öðru. Afrit skm má vera mynd af útfylltu eyðublaði sem, eftir atvikum, sett er inn í málið eftir stofnun þess og/eða vistuð í ÍsLeyfi.

Eftirfarandi texti skal kynntur umráðamanni/eftirlitsþega (Mantra): Rökstuddur grunur er um að hér hafi verið framið alvarlegt brot á velferð dýra sem varðar við lög um dýravelferð. Þér er heimilt að neita að svara frekari spurningum eða afhenda gögn og muni um brotið. Brotið getur leitt til álagningar stjórnvaldssekta af hálfu Matvælastofnunar eða kæru til lögreglu.

Skm skráir frávikið í ÍsLeyf í viðkomandi skoðunatriði. Undir flípanum „Handbók“ nær skoðunarmaður í viðeigandi texta til að setja undir „Athugasemdir“ í skýrslu. Málsatvikum og aðstæðum skal lýst á greinargóðan hátt, sbr. atriði sem fram koma í LBE-124. Myndir eru teknar ef við á og vitni tiltekin ef einhver eru. Skm hakar við 'senda á ÁAÐ-teymi' í Ísleyfi. Hann stofnar einnig mál í samræmi við tl. 1 í VLY-045.“

Að lokum er þeim leiðbeint um samantekt þar sem það á við:

„Þegar það á við eru helstu niðurstöður skoðunarmanns teknar saman í lok skýrslugerðar og skráðar í „Aðrar athugasemdir/upplýsingar“. Þar er t.d. tekið fram:

- Hvað vel hefur verið gert.

- Ábendingar um hvað mætti betur fara.
- Áherslur skoðunarmanns um eftirfylgni – þvingunarúrræði, andmæli veitt á vettvangi o.s.frv.
- Nöfn annarra skoðunarmanna Matvælastofnunar en skýrsluhöfundar.
- Leiðbeinandi umfjöllun um leyfi annarra yfirvalda t.d. heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á hverjum stað.

Við áberandi hnignun beitolands, sem ekki gefur af sér næga beit fyrir það búfé sem þar gengur, skal senda ábendingu til Landgræðslunnar

Ef grunur vaknar um refsivert brot á velferð dýra skal setja þennan texta inn í skýrslu (s.k. mantra), sjá nánar kafla 1.4.2 Eftirfylgni – Þvingunaraðgerðir og EBL-009. „Eftirlitsþegi/umráðamaður var upplýstur um að rökstuddur grunur væri um að hann hefði gerst sekur um lögbrot vegna (og nefna skoðunatriði) og var honum leiðbeint um réttindi sín þess efnis að hann hefði rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni um brotið. Þá var hann jafnframt upplýstur um að brotið gæti leitt til álagningar stjórnvaldsektar af hálfu Matvælastofnunar eða kærðu til lögreglu.“

Flokkun frávika vegna dýravelferðarmála eru skv. skoðunarhandbókum eftirfarandi:


„*A = **Alvarlegt frávik** er dómur sem þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þannig að afleiðing brotsins hefur haft eða mun hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið, þó svo dýrið geti náð bata. Ef ekki er bætt úr mun vörslusviptingu beitt og hámarks frestur til úrbóta er einn mánuður.*

*F = **Frávik** er dómur sem þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þó þannig að afleiðing brotsins hefur ekki haft eða mun ekki hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið.*


*LS = **Lagfært á staðnum** þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerða eru ekki uppfyllt og að úrbætur voru gerðar í viðurvist skoðunarmanns eða svo smávægileg athugasemd að augljóst þykir að úrbætur verði gerðar strax að lokinni skoðun.*

*ÚÁ = **Sett á úrbótaáætlun:** Þegar athugasemd sem er fyrir á skýrslu og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.“*

Vinnulag Matvælastofnunar varðandi „frávik“ er varðar dýrahald:



Vinnulag Matvælastofnunar varðandi „alvarleg frávik“ er varðar dýrahald:



Tilkynningar um illa meðferð dýra



Hver sá sem verður var við illa meðferð á dýrum eða að umráðamann búfjár skorti öryggi, skjól, hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt ber að tilkynna það án tafar til Matvælastofnunnar eða til lögreglu. Lögreglu ber að tilkynna áfram til Matvælastofnunnar. Að mati MAST er æskilegast að tilkynningar til Matvælastofnunnar séu sendar í gegnum Ábendingakerfi Matvælastofnunar, en einnig er mögulegt að tilkynna símleiðis eða í tölvupósti til viðkomandi umdæmisskrifstofu Matvælastofnunnar (héraðsdýralækna hennar). Hér fyrir neðan er fjallað sérstaklega um ábendingar almennings til MAST.

Héraðsdýralæknum eða fulltrúum Matvælastofnunar er skylt að kanna hvort ábendingar um illa meðferð á dýrum eigi við rök að styðjast. Þeir kalla lögreglu til aðstoðar ef með þarf. Sé um minni háttar brot á lögum eða reglugerðum að ræða, er eigendum eða umsjónarmönnum gefinn frestur til að bæta úr innan tiltekins tíma. Ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt er Matvælastofnun heimilt að beita þvingunaraðgerðum eða svipta umráðamann dýra vörslu þeirra.

Telji Matvælastofnun að úrbætur þoli enga bið er starfsmönnum heimilt að taka dýr fyrirvaralaust úr vörslu umráðamanna eða láta aflífa dýr sem hafa orðið fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Slíkt

er þó ávallt gert í samráði við lögreglu. Matvælastofnun er ekki skylt að veita andmælarétt samkvæmt stjórnsýslulögum þegar úrbætur þola enga bið.

Matvælastofnun er einnig heimilt að leggja hald á tæki, tól og hverskonar útbúnað varðandi dýrahald sem er talið andstætt velferð dýra.

Ábendingar og viðbrögð við þeim



Það er ljóst að með fækkun starfa í reglubundu eftirliti með dýrahaldi verður Matvælastofnun að treysta meira á almenning. Stofnunin beinlínis hvetur fólk til að láta vita ef það hefur grun um illa meðferð á dýrum. Mikil aukning ábendinga undanfarin ár bendir til betri meðvitundar almennings.

Á vef MAST er sérstök leið til að koma ábendingum eða fyrirspurnum til Matvælastofnunar s.s. tilkynningar um illa meðferð á dýrum, vanmerkt matvæli, ólöglega starfsemi, endurgjöf um starfsemi stofnunarinnar o.s.frv. Hægt er að senda tilkynningarnar undir nafni eða nafnlausar.

Skýrsluhöfundur bærur þó vangaveltur um hugsanlega ótta fólks við tilkynna nágranna sinn.

Einnig bærur vangaveltur frá fólki sem t.d. starfa sinna vegna verður vart við eitthvað óeðlilegt við búfjáraldd en finnst óþægilegt að tilkynna viðkomandi til MAST þar sem þá muni viðkomandi búfjáreigandi vita hver hefur tilkynnt hann.

Ábendingarhnappurinn á heimasíðu Matvælastofnunar, sem settur var upp haustið 2013. Stundum berast fleiri en ein ábending frá ólíkum aðilum um sama tilfellið.

Á vef MAST segir skýrt að stofnunin „*þurfi að bregðast við öllum ábendingum um illa meðferð á dýrum*“ og hafa forsvarsmenn stofnunarinnar ítrekað sagt að *“alltaf er kannað hvort ábendingar sem berast stofnuninni séu á rökum reistar”* og að stofnunin „*vinni úr öllum fyrirspurnum og ábendingum sem berast stofnuninni*“.

Ábendingar sem bárust MAST skipt niður á ár:

2021: 983 (allar ábendingar)

2020: 825 (allar ábendingar)

2019: 650 (allar ábendingar)

2018: 593 ábendingar en þar af 468 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum


2017: 591 ábendingar en þar af 491 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum

2016: 702 ábendingar en þar af 581 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum

2015: 696 ábendingar en þar af 561 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum

2014: 640 ábendingar en þar af 532 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum

2013: 443 ábendingar en þar af 376 ábendingar sem varða grun um illa meðferð á dýrum



Á þessum 9 árum hefur því stofnuninni borist yfir 6 þúsund ábendingar (þar af um 5 þúsund vegna gruns um illa meðferð á dýrum) en rétt er að taka fram að sumar ábendingarnar eiga við sama tilfallið.

Í árskýrslu MAST frá árinu 2017 segir að: „Tölurnar endurspeglar því ekki raunveruleg tilfalli illrar meðferðar á dýrum. Ljóst er að eftir því sem **dýrahaldið er minna sýnilegt almenningi, því færri ábendingar berast stofnuninni um viðkomandi dýrahald**“.

Að mati skýrsluhöfundar eru þetta mikilvæg atriði enda má sjá að mjög fáar tilkynningar vegna svína má hugsanlega rekja til þess að aðbúnaður svína er fólki almennt séð hulinn.

Hér að neðan má sjá ábendingunum skipt eftir hvers konar dýr áttu í hlut.

Ábendingum sem lúta að dýravelferð búfánaðar skipt eftir dýrategundum:

Hross: Tæplega 100 ábendingar árið 2021. Þær voru 95 talsins árið á undan, 2020. Árið 2019 voru þær um 90 talsins og 99 árið 2018 og 98 árið 2017. Árið 2016 voru ábendingarnar 156 talsins, 152 árið 2015 og 2014 voru þær 148. Árið 2013 voru 122 ábendingar.

Nautgripir: Um 60 ábendingar árið 2021. Árið 2020 voru þessar ábendingar næstum þrisvar sinnum færri eða 22. Árið 2019-2016 voru þær um 25 talsins á hverju ári. Árið 2015 voru þær 35 og 23 árið 2014. Árið 2013 voru 17 ábendingar.

Sauðfé: Rúmlega 50 árið 2021 sem er svipaður fjöldi árið 2020. Árið 2019 voru þær um 40 talsins en 30 árið 2018. Ábendingarnar árið 2017 voru 56 talsins sem er svipað og 2016. Árið 2015 voru þær 48 og 38 árið 2014. Árið 2013 voru 40 ábendingar.

Annað búfé: Tæplega 20 árið 2021 en árið á undan voru þær 14 sem er svipaður fjöldi og árið 2019 og 2018. Árið 2017 voru þær 23 sem er svipað og 2015. Voru 9 talsins árið 2016. Árið 2014 voru þær 16. Árið 2013 voru 22 ábendingar.


Alifuglar: Um 10 ábendingar árið 2021 en árið 2020 voru þær 8 talsins sem er svipaður fjöldi og árið 2019 og 2018. Árið 2016 voru þær 27. Árið 2015 og 2014 voru þær 6. Árið 2013 voru 11 ábendingar.

Loðdýr: Minna en 5 árið 2021 en árið 2020 voru þær 3 sem er svipað og 2019. Þær voru 1 árið 2018 og 2014 en 4 árið 2017. Árið 2015 voru 2 ábendingar sem er sama og 2013.

Geitur: Minna en 5 árið 2021 en árið á undan voru þær 2. Engin ábending sem varðar geitur barst árin 2013-2019.

Svín: Engin ábending er skráð sem er merkt velferð svína árið 2021 og 2020 í árskýrslu stofnunarinnar. Það vekur því sérstaka athygli að einungis í árskýrslu 2019 er fjallað sérstaklega um ábendingu sem lýtur að velferð svína og er ein slík ábending skráð það árið. Sömu sögu er að segja árið 2018-2016 og 2013 en þá voru 2 ábendingar árlega. 4 ábendingar voru árið 2015 og 2014. **Samkvæmt árskýrslu MAST frá 2017 er ljóst að eftir því sem dýrahaldið er minna sýnilegt almenning, því færri ábendingar berast stofnunni um viðkomandi dýrahald. Því má velta fyrir sér hvort sýnileiki svínahalds sé það lítill hér á landi að það endurspeglar í fáum eða nánast engum ábendingum frá almenning varðandi svín.**

Til fróðleiks þá eru ábendingar vegna um grun um illa meðferð á **hundum** ætíð langflestar.



Í kjölfar á hinu svokallaða **Brúneggjarmáli** var unnin úttekt á MAST af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem birtist árið 2017. Í þessari úttekt kom m.a. fram að 10 ára tímabili var það „*algengt að sömu athugasemdir endurtaki sig ár eftir ár allt frá árinu 2007*”. Þar kom einnig fram að það *teljist “óviðunandi fyrir hönd stofnunarinnar, að athugasemdir hennar séu ekki teknar alvarlega ár eftir ár og hefði sú háttsemi átt að hafa komið til kasta yfirstjórnar miklu fyrr í ljósi þess”*.

Þá sagði m.a. í þessari úttekt í máli *Brúneggs “hafi birst veikleikar í fyrirkomulagi við eftirlit á fyrirtækinu Brúnegg á nokkrum afmörkuðum sviðum, sem mikilvægt er að draga lærdóm af” og MAST hefði átt að láta “dýrin a.m.k. átt að fá að njóta vafans en ekki forsvarsmenn Brúneggja”* eins og þar segir.

Sé litið til dagsins í dag má velta fyrir sér hvort MAST hafi dregið þennan nauðsynlega lærdóm þar sem dýrin séu látin njóta vafans.

Þá kom einnig fram í þessari sérstöku úttekt á MAST eftirfarandi:

1. *“MAST nær ekki að sinna öllum lögbundnum skyldum sínum og mikið álag og annir eru hjá stjórnendum og starfsmönnum.” Töluvert er um langtímaveikindi vegna álags og í starfseminni sjást víða merki þreytu og jafnvel kulnunar.”*

2. “Stofnunin starfar ekki nægilega vel sem ein samstillt heild. Ímynd bæði meðal eftirlitsþega og í samfélaginu í heild er ekki nægilega góð.”

Þá stóð einnig í þessari úttekt: **“Ef MAST nær ekki að sinna lögbundnum skyldum sínum og mikið álag er í starfseminni hefur það neikvæð áhrif á ímynd stofnunarinnar sem aftur dregur úr hvatningu og mætti starfsmanna þannig að samspilið milli 1. og 2. liðar verður eins konar vítahringur”**

Nú hafa liðið tæplega 6 ár síðan þessi orð voru skrifuð og má velta fyrir sér hvort ástandið hafi jafnvel versnað síðan þá.

Þá er rétt að minnst málsins í **Borgarfirði** sem blossaði upp í fjölmiðlum í sumar en MAST gaf út sérstaka yfirlýsingu 13. október 2022 um að ábending um það mál hafi borist „seint í sumar“. Það stangast á við frásagnir þeirra sem telja sig hafa haft samband við stofnunina þann 17. júní sem ekki getur talist vera „seint í sumar“.

Síðastliðið haust benti Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar á að **„ferlið hjá MAST sé of þungt í vöfum“ og „telur mikilvægt að verkferlar verði skoðaðir“**.

Þá sagði í bókun byggðarráðs Borgarbyggðar á saman tíma: **„Málleysingjar eiga að geta treyst á að farið sé eftir ábendingum og reglum fylgt við eftirlit og rannsókn mála. Mál er varða velferð þeirra þurfa að vera unnin hratt og vel.“**

Fagráð um velferð dýra ályktaði einnig um málið í janúar 2023 en þar sagði:

„Fagráðið telur að öllum málum sem varða dýravelferð þurfi að fylgja góðir og skýrir verkferlar og þeir séu gagnsæir og aðgengilegir á vef stofnunarinnar. Það er mat ráðsins að of djúpt sé á þessum upplýsingum á vef MAST. Jafnframt þurfi MAST að skerpa á því hvernig tilkynningum sé sinnt, meðal annars með því að svara tilkynnanda eins fljótt og auðið er og benda á þá verkferla sem unnið sé eftir.

Að veita frest til úrbóta, eins og nú er gert út frá meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, er vissulega mikilvægt. Í málum þar sem dýr sæta sannanlega illri meðferð, svo sem ef þau eru höfð í of þröngu rými, njóta ekki lögbundinnar útivistar, eða eru vanfóðruð, efast fagráðið hins vegar um réttmæti þess að veita útrekaða fresti til úrbóta.

Fagráðið telur að MAST þurfi ávallt að tryggja að í málum sem varða velferð dýra sé dýrunum komið tafarlaust til bjargar. Séu lög og reglugerðir ekki nægilega skýr að mati stofnunarinnar verði að beina beiðni um viðhlítandi

breytingar til ráðuneytisins, þannig að dýrin séu alltaf látin njóta vafans og að eignarhald umráðamanns teffi aldrei fyrir nauðsynlegum aðgerðum. Það er mat fagráðsins að í tilvikum sem varða alvarleg frávík í dýrahaldi verði MAST að vinna af meiri festu og skoða öll möguleg úrræði til liðveislu umráðamanna dýranna með hagsmuni dýranna að leiðarljósi.“

Skýrsluhöfundur bærust einnig frásagnir sem varða aðbúnað **búfjár í Skagafirði** sem einnig hefur talsvert verið í fjölmiðlum að undanfögnu. Dýraverndarsamband Íslands kallaði eftir tafarlausum viðbrögðum af hálfu MAST í málinu. Frásagnir Dýraverndarsambands Íslands af þessu máli virðast ekki ríma við upprunalegt mat MAST á því máli. Sömu leiðis bærust skýrsluhöfundur nýleg mál sem varðar hross á útigangi í **Mosfellsdal** svo eitthvað sé nefnt en í þeim málum upplifuðu margir vanmátt MAST þegar kemur að dýrum í neyð.

Það eru fjölmargir sem upplifa eins og **MAST sinni ekki þeim ábendingum** sem stofnuninni berast og verður fjallað sérstaklega um þá þætti síðar í skýrslunni.

Jafnframt bærust skýrsluhöfundur frásagnir frá fólki sem taldi MAST ekki tryggja að farið yrði eftir sínum eigin reglugerðum s.s. um **aðbúnað fyrir hross á útigangi eða hross á húsi. Þá voru þó nokkrir sem nefndu halaklippingar á grísum, geldingar og notkun sýklalyfja í sauðfjárrækt** sem fólk upplifði ekki að stofnunin tæki á með fullnægjandi hætti.

Þá er rétt að upplýsa að skýrsluhöfundur bærust upplýsingar um að í einhverjum tilvikum væru **dýralæknar tregir til að tilkynna ólögmetar geldingar hrúta án deyfinga** af ótta við að missa „kúnnann“ sinn, sjá neðangreint bréf sem barst og var samtalið við dýralækni sem óskaði nafnleyndar:

„Dýralæknum sem öðrum sem verða varir við sauði í fjárhúsum sem grunur leiki á að hafi hlotið geldingu án faglegrar meðferðar af dýralækni er skylt að tilkynna það til MAST. Því miður sé það þó þannig að dýralæknar eigi erfitt með að tilkynna kúnnann sinn. Og X segist ekki vera í stöðu til þess þ.e. hvorki að tilkynna kúnnana sína né að taka slaginn um þetta við MAST. Að rugga þessum báti segir X valdi útskúfun í geiranum og það sé ekki fýsilegur kostur.

Vandinn með geldingar á hrútum án deyfingar sé víðtækur og einskorðast ekki við það sem kallað er „slæm“ bú. Þeir sem þetta ástunda eru oft fyrirmyndar bændur en einhverra hluta vegna ástundi það að skera kynfærin af dýrunum sínum á þennan hrottafengna hátt. X segir að þetta sé eitt þekktasta leyndarmál sauðfjárbænda, allir vita þetta en enginn vill tala um það. Dýralæknirinn bendir á að það sé langt frá því allir sauðfjárbændur sem þetta ástundi og mörgum er illa við að vita af næsta nágranna gera þetta en vegna kunningssskapar og nálægðar í samfélaginu er erfitt að vera „whistleblower“ í þessu máli. MAST á og þarf að taka á þessum vanda enda um stórfenglegt dýravelferðarmál að ræða. Þó MAST viti af þessu þá hefur hingað til ekkert verið gert í að stöðva bændur í því að ástunda geldingar hrúta án deyfingar. – Af hverju er ekkert gert?“

Loks hefur hlutverk, inn grip og afstaða MAST vegna **blóðmerahalds** verið gagnrýnt svo eitthvað sé nefnt.



Skoðunaratriðum vegna dýravelferðar tvöfölduðust milli ára



Fjöldi eftirlitsheimsókna MAST vegna eftirlits með velferð búfjár árið 2022 var 1.616 talsins. Heimsóknir sem töldust til reglubundins eftirlits voru 720 talsins en fjöldi annars eftirlits 896.

Rétt er að taka fram á fundi MAST með skýrsluhöfundi og fulltrúum Dýraverndarsambands Íslands þann 21. febrúar sl. kom fram að stofnunin nær stundum ekki að uppfylla sitt eigið markmið um fjölda eftirlitsheimsókna.

Samkvæmt **ársskýrslu MAST 2021** kom fram að framkvæmd voru **35.902 svokölluð** skoðunaratriði sem **lúta að eftirliti með dýravelferð**. Af þeim voru 93% í lagi að mati MAST, 5,6% voru með einhvers konar frávik (sem sagt voru ekki í lagi) og 1,7% voru alvarleg frávik.

Alvarleg frávik eru atriði sem eru metin alvarleg í eftirlit eða sem eru endurtekin frávik. Fjöldi „eftirlita“ þetta árið var 1.908 en það náði einnig til eftirlits með fiskeldi, fódri og matvælum frumframleiðslu.

Þessi fjöldi skoðunaratriða hefur tvöfaldast síðan 2019.



Sé litið á **árið 2020** kemur í ljós að mun færri skoðunaratriði voru framkvæmd þá árið eða 19.004 talsins sem lutu að dýravelferð. Það ár voru 89% í lagi að mati MAST, 9,3% voru með frávík og 2,2% töldust alvarleg frávík. Fjöldi „eftirlita“ þetta árið var 1.070 en það náði einnig til eftirlits með fóðri og matvælum frumframleiðslu.

Á **árinu 2019** voru skoðunaratriði 17.668 sem lutu að dýravelferð. Það ár voru 87% í lagi að mati MAST, 10,5% voru með frávík og 2,9% töldust alvarleg frávík. Fjöldi „eftirlita“ þetta árið var 993 en það náði einnig til eftirlits með fóðri og matvæli frumframleiðslu.

Á **árinu 2018** voru skoðunaratriði 16.018 sem lutu að dýravelferð og 3% af heildaratriðum töldust alvarleg frávík (1,1% fyrir sauðfé, 2,0% svín, 1,7% fyrir alifugla, 4,4% fyrir nautgripi, 4,6% fyrir hross). Eftirlit Matvælastofnunar með velferð búfjár í frumframleiðslu árið 2018 var framkvæmt í 864 heimsóknnum á 635 starfsstöðvum/bæjum.

Það veur athygli að samkvæmt ársskýrslu MAST frá árinu 2017 eru skráð 67.142 skoðunaratriði varðandi velferð dýra sem er miklu meira en árin eftir þetta ár (árið 2021 voru skoðunaratriðin um 36.000). Þetta veur upp spurningar hvort skráning skoðunaratriða sé hugsanlega ekki samræmd milli ára eða hvort aðrar skýringar eru á þessum mun.

Eftirlit Matvælastofnunar með velferð búfjár í frumframleiðslu árið **2017** var framkvæmt í 1.136 heimsóknnum á 864 starfsstöðvum/bæjum. Af heildaratriðum

Þetta árið voru alvarleg frávik í tæp 2% tilvika (1,1% fyrir sauðfé til 2,9% fyrir nautgripir og þar á milli fyrir aðrar búfjártegundir). Eftirlit Matvælastofnunar með velferð búfjár í frumframleiðslu árið 2017 var framkvæmt í 1.136 heimsóknum á 864 starfsstöðvum/bæjum.

Á árinu 2016 voru skoðunaratriði 18.298 sem lutu að dýravelferð og tæp 2% af heildaratriðum töldust alvarleg frávik. Eftirlit Matvælastofnunar með velferð búfjár í frumframleiðslu árið 2016 var framkvæmt í 983 heimsóknum á 747 starfsstöðvum/bæjum.

Við samantekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð búfjár í frumframleiðslu fyrir árið 2015 kom í ljós að farið var í 538 eftirlitsheimsóknir á 447 starfsstöðvum/bæjum og 6.575 skoðunaratriði metin. Um 2% metin sem alvarleg frávik.

Það vekur athygli í neðangreindri töflu hversu miklu lægra hlutfall óboðað eftirlit er í tilviki svína (9%) og alifugla (14%) á meðan það er 79% hjá hrossum og 70% hjá sauðfé. Það er 39% hjá nautgripum.

Ársskýrsla MAST 2021:

Starfsgrein	Fjöldi eftirlita	% óboðað eftirlit	% skýrslna lokað innan 7 daga
Svín	32	9%	88%
Sauðfé	932	70%	69%
Nautgripir	702	39%	90%
Hross	883	79%	60%
Geitur	33	61%	76%
Fiskeldi	109	18%	94%
Alifuglar	84	14%	83%
Samtals	1,908	59%	73%

Refsingar og inngríp



Með lögum um velferð dýra fékk Matvælastofnun rýmri heimildir til beitingar þvingana og stjórnvaldssekta í dýravelferðarmálum. Þvinganir geta verið í formi dagsekta, framkvæmd úrbóta á kostnað eiganda, takmörkun eða stöðvun starfsemi, vörslusvipting dýra og tímabundið bann við dýrahaldi.

Stofnunin ákvað í upphafi ársins 2015 að hefja refsingar með álagningu stjórnvaldssekta frá og með árinu 2016.

Frá árinu 2016 þegar heimild til beitingar dagsekta var sett í reglugerð, til ársloka 2019 hafði Matvælastofnun boðað beitingu dagsekta í 69 málum (74% bættu úr innan frests þannig að dagsektir voru ekki innheimtar), vörslusviptingar í 30 málum (af þeim komu 18 vörslusviptingar til framkvæmda en í 12 tilfellum fór fyrirhuguð vörslusvipting ekki fram þar sem umráðamaður gerði strax úrbætur samkvæmt kröfum stofnunarinnar), vísað var 11 málum til lögreglu og einu sinni stöðvað starfsemi vegna brota á velferð dýra.

Tíu stjórnvaldssektir fóru í innheimtu en í þremur tilfellum voru stjórnvaldssektarmál felld niður m.a. vegna gjaldþrotaskipta eða aðili máls hafði flutt erlendis og ekki var hægt að hafa upp á viðkomandi. Upphæð sekta nemur frá 100.000-336.000 kr.

Rúmlega helmingur mála þar sem ákvörðun var tekin um beitingu þvingana eða stjórnvaldssekta árin 2016-2019 eru á suðvesturhorninu (30%) og Suðurlandi (24%). Vesturland og Norðurland eystra hafa um 15% mála hvert um sig en Norðurland vestra 9%. Fæst mál hafa komið upp á Austurlandi eða um 6%.

Á árabílinu 2017-2018 fóru yfir 20 mál í sektarferli vegna vanhirðu eða illrar meðferðar á dýrum. Rúmlega helmingur af málum varðar gæludýr.

Alls fóru fram 7 vörslusviptingar á árinu 2018 og samtals voru eigendur sviptir 58 kindum, 20 hænum, 14 hestum og 4 hundum. Meðal annars þurfti að fella sauðfé á Austurlandi og starfsemi hundaræktar á Suðvesturlandi var stöðvuð á grundvelli dýravelferðar árið 2018. Dagsektir voru lagðar á bónda á Norðurlandi vegna meðferðar nautgripa á bænum árið 2018. Um endurtekin brot var að ræða án þess að kröfur um úrbætur hafi verið virtar.

Í ársskýrslu 2017 kemur fram að tvær vörslusviptingar á nautgripum voru framkvæmdar á árinu. Önnur vörslusviptingin átti sér stað á kúabúi á Suðurlandi vegna vanfóðrunar og slæms aðbúnaðar. Hin vörslusviptingin átti sér stað á kúabúi á Norðurlandi vegna ítrekaðra frávíka sökum óviðunandi aðbúnaðar og umhirðu. Á árinu var einnig ein vörslusvipting framkvæmd á sauðfjárbúi á Suðurlandi vegna slæmrar meðferðar sauðfjár. Ástæða vörslusviptingar var sinnuleysi án þess að kröfur stofnunarinnar væru virtar.

Ef við skoðum núna undanfarin tvö ár sjáum við að frá ársbyrjun 2021 hefur Matvælastofnun beitt **dagsektum í 21 máli, vörslusviptingu í 6 málum** (af þeim komu tvær vörslusviptingar til framkvæmda en í fjórum tilfellum var fallið frá fyrirhugaðri vörslusviptingu þar sem umráðamaður gerði strax úrbætur samkvæmt kröfum stofnunarinnar eða úrbætur voru unnar á kostnað umráðamanns), **stjórnvaldssekt í níu málum og fimm málum hefur verið vísað til lögreglu.**

Í fjórtán tilfella leiddu boðaðar dagsektir til þess að úrbætur voru gerðir innan fimm daga og voru dagsektir því ekki lagðar á. Í fimm tilfella lauk úrbótum umráðamanna eftir að dagsektir voru lagðar á. Í tveimur tilfella voru dagsektir stöðvaðar og öðrum þvingunum beitt, s.s. úrbætur á kostnað umráðamanns og vörslusvipting.

Flest tilvikin sneru að velferðarmálum varðandi nautgripi, einnig voru boðaðar dagsektir vegna hrossa og sauðfjár. Flestar vörslusviptingar voru boðaðar vegna vanbúnaðar hjá gæludýrum, en einnig vegna hrossa, nautgripa og sauðfjár.



Samkvæmt nýjum upplýsingum frá MAST til skýrsluhöfundar lagði MAST til að **224 dýravelferðarmál yrði lokið með sekt, vörslusviptingu eða kærui á rúmu 7 ára tímabili (2016-2023). Um helmingur þessara mála var hins vegar felldur niður.**

Skiptingin var eftirfarandi:

- **Dagsektir:** 116
 - Þar af var meira en helmingur eða 60 af þeim felldar niður því úrbætur voru gerðar.
 - 22 sinnum var málið felld niður og 13 sinnum eru málin líklega enn í vinnslu.
 - 19 sinnum voru dagsektir stöðvar því úrbætur voru gerðar (10) eða þvingun var aukin (9).
- **Stjórnvaldssektir:** 49
 - Þar af var 28 sinnum stjórnvaldssekt lögð á og innheimt, 6 voru enn líklega í vinnslu en annars var hún felld niður í 15 skipti.
- **Vörslusvipting:** 43
 - Þar af voru 22 vörslusviptingar framkvæmdar en hinnar voru felldar niður (15) og 6 voru enn í vinnslu.
- **Kærur til lögreglu:** 16
 - Þar af voru 3 mál felld niður af hálfu MAST

- Að jafnaði eru því um **rúmlega 30 mál sem snerta dýravelferð á ári** sem er lokið með þvingunum, refsingum eða kærui til lögreglu af hálfu MAST.

Annars má sjá ofangreind málalok ásamt fleirum í neðangreindri töflu:

Stjórnvaldsaðgerðarmál	Ár									
Málalykill, málalyktir		2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
4.14.0 Óflokkuð ákvörðun							1	6	4	11
4.14.1 Stjórnvaldssekt		4	8	2	11	4	8	11	1	49
Fallið frá stjórnvaldssekt						1	1			2
Mál fellt niður		3	3	1	1			2		10
Mál fellt niður - málalyktir ekki ljósar					3					3
Stjórnvaldssekt lögð á og innheimt (blank)		1	5	1	7	2	7	4	1	28
4.14.2 Mál fellt niður		1	5	4	9	20	3	6		48
4.14.3 Kæra til lögreglu		2		1	4	4	4	1		16
Kæra til lögreglu		2			4	2	4	1		13
Mál fellt niður				1		2				3
4.14.4 Viðvörðun			1	1	4	7	3	5	1	22
4.14.5 Dagsektir		7	15	11	32	14	18	14	5	116
Aðrar aðgerðir					2					2
Dagsektir stöðvaðar, úrbætur gerðar		1	1	1	3		3	1		10
Dagsektir stöðvaðar, þvingun aukin			2	1	1	1	3	1		9
Fallið frá dagsektum, úrbætur gerðar		2	8	7	16	11	10	6		60
Mál fellt niður			2	2	1	2	1	1		9
Mál fellt niður - málalyktir ekki ljósar (blank)		4	2		7					13
4.14.6 Brot á smitvarnarlögum					5	51	2	16		74
4.14.7 Aðrar aðgerðir		1	6	1	4	7	2	8		29
4.14.8 Vörslusvipting			5	7	9	7	6	6	3	43
Fallið frá vörslusviptingu			2	1		2	2	2		9
Mál fellt niður				1	1	1				3
Mál fellt niður - málalyktir ekki ljósar					3					3
Vörslusvipting framkvæmd (blank)			3	5	5	3	3	3		22
5.17 Þvingun			1			1	1	1	3	6
Samtals		15	41	27	78	114	47	73	14	409

Sem fyrr segir þá er flestar kærur til lögreglu og vörslusviptingar er varða gæluþyr.

Þegar fulltrúar MAST voru spurðir á fundi sínum með fulltrúum Dýrarverndarsambands Íslands og skýrsluhöfundu þann 21. febrúar 2023 af hverju tiltölulega lágt hlutfall tilkynntra mála leiðir til refsinga eða þvingana komu m.a. þau svör fram frá MAST að mörg tilkynntra mála leiddu til úrbóta án frekari

inngrípa stofnunarinnar. Það leiðir hins vegar til vangaveltna um hvort dæmi séu um að einstaklingar komist upp með að brjóta lög án sekta eða hvort frekari úrræði vantar.

Nýjustu vörslusviptingar vegna búfénaðar voru:

- **13.jan 2023:** Matvælastofnun svipti bónda á Suðurlandi vörslum allra gripa sinna þar sem að mati MAST fékkst enginn til að sjá um gripina í fjarveru bóndans vegna veikinda hans. Þetta inngríp MAST hefur verið harkalega gagnrýnt.
- **2. des 2022:** Vegna alvarlegra brota á lögum nr. 55/2013 um velferð dýra hefur Matvælastofnun lagt tímabundið bann við búfjárhaldi á umráðamann búfjár á bæ í Hornafirði. Stofnunin sendi umráðamanninum tilkynningu um vörslusviptingu hrossa á bænum þriðjudaginn 22. nóvember. Flest hrossin voru í eigu viðkomandi umráðamanns, en ekki öll. Öðrum eigendum var gefinn kostur á að taka sín hross í eigin umsjá. Í samráði við settan bústjóra voru hrossin flokkuð 28. nóvember, undir eftirliti stofnunarinnar. Ákveðið var, í samráði við eigandann, að senda 55 hross til slátrunar.
- **19. október 2022:** Við eftirlit Matvælastofnunar með hrossahópi á Vesturlandi, sem metinn var í viðkvæmu ástandi, kom í ljós að kröfum um fóðrun hrossanna samhliða beit hafði ekki verið sinnt sem skyldi. Stofnunin sendi umráðamanni hrossanna tilkynningu um vörslusviptingu mánudaginn 17. október og kom hún til framkvæmdar þriðjudaginn 18. október, með aðstoð lögreglu. Hrossin voru rekin að þar sem hægt var að skoða þau ítarlega og holdastiga. Stofnunin mat ástand 13 þeirra það alvarlegt að aðgerðir þyldu ekki bið. Að teknu tilliti til árstíma var tekin sú ákvörðun að senda tólf hross samdægurs í slátruhús en eitt var aflífað á staðnum. Önnur hross reyndust vera í ásættanlegum holdum og var skilað til umráðamanns. Tíu þeirra eru þó enn metin í viðkvæmu ástandi og skulu njóta sérstakrar umhirðu. Málið er því enn til meðferðar hjá stofnuninni.
- **10. júní 2022:** Matvælaráðuneyti staðfesti ákvörðun Matvælastofnunar frá 8. október 2021 um að svipta sauðfjárbónda vörslum alls fjár síns. Frá árinu 2019 hafði stofnunin gert ítrekaðar athugasemdir við aðbúnað sauðfjár á bæ þess kærða.

Rétt er að taka fram að þegar kemur að vörslusviptingu hefur MAST bent á að löggjöfin sé fáorð um „**praktíska framkvæmd vörslusviptingar**“.

Í svari MAST til matvælaráðuneytis frá því í haust kemur fram: „*Við sjálfan gjörninginn „vörslusviptinguna“ færirst ábyrgð á dýrunum yfir á MAST. Í ljósi þessa að hér á landi eru ekki til „dýraathvörf fyrir búfé“ þá hefur MAST talið aðeins vera eina lausn sem er að halda búfénu á þeim stað þar sem þau eru á vörslusviptingardeggi, á meðan unnið er að ráðstöfun dýranna. Þ.e. á stað þar sem aðbúnaður/umhirða er oftast ástæðan fyrir vörslusviptingunni. Breyting verður þó á aðstæðum dýranna með því að MAST ræður til sín sérstakan bústjóra til að annast dýrin í umboði stofnunarinnar. Þetta getur verið ansi snúið,*“ að mati MAST.

Þá var skýrsluhöfundur bent á að dýr sem hafa lent í vörslusviptingu, enda stundum í sláturhúsinu óháð því í hversu ásigkomulagi þau voru.

Það vekur athygli að í svari MAST til ráðuneytisins frá því í haust segir:

„Í upphaflegu frumvarpi til dýravelferðarlaga var að finna hefðbundið og einfalt ákvæði um að brot gegn lögnum væru refsiverð. Í umsögn ríkissaksóknara um frumvarpið kom fram að þetta ákvæði væri of almennt orðað. Ekki væri nægjanlega skilgreint hvaða háttsemi ætti að teljast refsiverð o.fl. Með hliðsjón af þessu breyttist frumvarpið í meðförum Alþingis og í endanlegri útgáfu (45.gr.) eru taldar upp tilteknar lagagreinar sem ýmist fela í sér vanrækslu, bann eða tiltekin skilyrði og tekið fram að brot gegn þessum tilteknu ákvæðum feli í sér refsíábyrgð með dómi. Brot gegn öðrum greinum laganna getur MAST því ekki kært til lögreglu að mati stofnunarinnar.

MAST telur að það vekji “sérstaka athygli að hvorki brot gegn 6.gr. laganna (ill meðferð dýra óheimil) né brot gegn 10.gr. laganna (geta, hæfni og ábyrgð umráðamanns dýra þarf að vera fyrir hendi) fela í sér refsíábyrgð fyrir dómi. MAST getur reyndar lagt á stjórnvaldssekt fyrir brot á 6.gr. en brot gegn 10.gr. varða hvorki stjórnvaldssekt né refsídómi. Þetta þarf að taka til athugunar.”

Við leit í dómasöfnum komu fram nánast engir dómar sem lutu að dýravernd eða dýravelferð. Dómarnir voru það fáir að erfitt er að draga einhverjar ályktanir af þeim nema að alltof fá mál rata inn í dómskerfið miðað við þann fjölda ábendinga sem berst MAST á hverju ári og miðað við þann fjölda mála sem MAST þó kærir til lögreglu.

Forstjóri Matvælastofnunar sagði í haust að það væri „mikilvægt að aðgerðir vegna dýravelferðarmála haldi fyrir dómi. MAST verði að stíga varlega til jarðar en rannsókn mála sé fylgt eftir þótt erfitt geti verið um vik að halda rannsókn áfram þegar eigendur dýra reyni að koma þeim undan.“ Jafnframt sagði forstjóri Matvælastofnunar að „það geri rannsókn mála vegna velferðar dýra erfðari þegar eigendur flytji dýrin um set á meðan rannsókn stendur yfir. Málum sé þó engu að síður fylgt eftir“

Á fundi Dýraverndarsambands Íslands þann 21. febrúar 2023 með fulltrúum MAST komu m.a. fram vonbrigði innan MAST að ekki fleiri kærur MAST til lögreglu leiddu til ákæru og dóms.

Bætt upplýsingagjöf



Ítrekað hefur MAST verið gagnrýnt fyrir að veita ekki nægjanlegar upplýsingar um starfsemi sína og eftirlit. Má telja að slíkt grafi undan trausti á stofnuninni. Samkvæmt upplýsingum frá MAST vinnur stofnunin eftir **upplýsingastefnu** sem tekur aðeins á málum þegar þeim er lokið. MAST telur það vera almenna reglu hjá sér að upplýsa ekki á meðan mál eru í rannsókn og/eða vinnslu, svo sem þegar unnið er að þvingunaraðgerðum.

„Við getum því miður ekki veitt frekari upplýsingar um þetta mál þar sem við tjáum okkur ekki um einstaka mál eða forsendur fyrir ákvörðunum sem við tökum í málum einstaklinga“, sagði forstjóri MAST síðast þann 13. janúar 2023.

Að þessu sögðu verður það að teljast vera ríkir almannahagsmunir að eftirlitsaðili upplýsi a.m.k. um að brugðist hafi verið ábendingu og eftirlit sé hafið.

Samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu eru **„til staðar nægilegar heimildir í lögum til að birta eftirlitsskýrslur, ákveði ráðherra að birta um það reglugerð.“**

Jafnframt bendir ráðuneytið á að *„eftirlitsskýrslur eru opinberar upplýsingar og því hægt að biðja um aðgang að þeim eins og lög kveða á um“*.

Þessu tengt þá er vert að vekja athygli á því að þegar fólk sendir inn ábendingar í gegnum ábendingarvef MAST þá fær fólk eingöngu sjálfvirka tilkynningu í gegnum ábendingarvefinn um að ábending hafi verið móttækin. Fólk fær hins vegar ekki tölvupóst því til staðfestingar að það hafi sent stofnuninni tilkynningu. Með þessum hætti er erfiðara fyrir tilkynnanda að sanna hvenær ábending var send, nema viðkomandi hafi tekið skjáskot af sjálfvirka svari stofnunarinnar.

Eðlilega eiga þeir sem tilkynna að fá staðfestingu með dagsetningu þegar ábending er send inn til stofnunarinnar.

Þá þarf að tryggja að ábendingar sem berast með öðrum hætti heldur en í gegnum „ábendingarhnappinn“ séu skráðar og fylgt eftir.

Það má upplýsa að mál séu tekin til meðferðar samkvæmt lögum en upplýsa mætti mun betur þann sem tilkynnir um hugsanlegt brot á lögum en slíkt væri í þágu bæði almennings og ekki síst stofnunarinnar sjálfrar.

Í upplýsingalögum er sérkafla um aðgang að upplýsingum um „umhverfismál“ sem vert er að skoða í ljósi dýravelferðar. Samkvæmt þessum kafla laganna er markmiðið að:

1. tryggja almenningsi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem opinberir aðilar hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd,
2. treysta rétt fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín á grundvelli upplýsinga,
3. stuðla að aukinni vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál,

4. tryggja rétt almennings til þess að fá upplýsingar um umhverfismál,
5. kveða á um frumkvæðisskyldu opinberra aðila til þess að veita upplýsingar um umhverfismál.

Þótt skilgreining á upplýsingum um umhverfismál sé nú takmarkað við upplýsingar um ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta, má vel hugsa sér að hagsmunir dýra og dýravelferðar eigi þar einnig heima.

Sérstaklega kemur fram í upplýsingalögunum að „**stjórnvöld skulu vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi**“ og að „**stjórnvöldum sé ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra**“.

Fyrst það er ríkari réttur almennings til upplýsinga þegar kemur að mengun sem getur haft skaðleg áhrif á dýr en ella má velta fyrir sér þeirri lagatúlkun hvort vanræksla og/eða hegðun gagnvart þessum sömu dýrum **eigi ekki líka erindi við almenning**.

Hins vegar er alveg ljóst að MAST þarf að stórbæta upplýsingagjöf sína til almennings og má líta á fordæmi hjá öðrum eftirlitsstofnunum í þeim efnum, ekki síst þegar niðurstaða liggur fyrir í málnum.

Síðan í júlí 2022 hefur **Fiskistofa** birt í heild sinni allar ákvarðanir um sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa.

„Birting ákvarðanna stuðlar að gagnsæi í störfum Fiskistofu sem og fyrirsjáanleika fyrir þá sem starfa í greininni og veitir bæði þeim og Fiskistofu tilhlýðilegt aðhald,“ segir á vef Fiskistofu.

Birtingin er gerð í samræmi við nýtt ákvæði í 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992, en þessu ákvæði er **„ætlað að auka gagnsæi í störfum Fiskistofu sem og fyrirsjáanleika fyrir þá sem starfa í greininni og veita bæði þeim og Fiskistofu tilhlýðilegt aðhald.**“

Á sínum tíma hafði **Fjármálaeftirlitið** sett sér sérstaka **gagnsæisstefnu** þegar kom að birtingu ákvarðana sinna. Þá ákvað Fjármálaeftirlitsnefnd árið 2020 að

ákvarðanir nefndarinnar um álagningu stjórnvaldssekta vegna brota verði **birtar í heild sinni** á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Á vef Seðlabankans stendur nú:

„Fjármálaeftirlitið leggur einnig áherslu á að birta niðurstöður úr athugunum stofnunarinnar og um beitingu viðurlaga. Með því er stuðlað að auknum trúverðugleika fjármálafyrirtækja sem jafnframt eykur aðhald þeirra. Birting niðurstaðna athugana eykur einnig sýnileika Fjármálaeftirlitsins gagnvart almenningi og öðrum hagsmunaaðilum sem tengjast fjármáلامarkaði.“

Þessi sjónarmið sem eiga við fjármáلامarkaðinn geta vel átt við aukna upplýsingagjöf um brot á dýravelferð.

Þótt alltaf vegist á hagsmunir persónuverndar og hagsmunir almennings (og dýranna sjálfra) af vitneskju um brot, þá virðist núna að fyrrnefndu hagsmunirnir vegi alltaf meira núna heldur en þeir síðarnefndu.

Samkvæmt nágildandi upplýsingastefnu MAST segir:

„Almennt nafngreinir Matvælastofnun aðila (fyrirtæki, stofnanir, samtök og lögbýli) en ekki einstaklinga. Ekki er nafngreint ef það er andstætt upplýsingalögum:

Ekki er nafngreint þegar grunur er um refsiverða háttsemi eða í upplýsingagjöf um kærur og dóma fyrir refsiverða háttsemi. Ekki er nafngreint þegar upplýsingar varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja. Ekki er upplýst um nöfn einstaklinga (eða nöfn lögbýla einstaklinga) ef um viðkvæm einka- eða fjárhagsmálefni er að ræða sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Einstaklingar eru nafngreindir ef starfsemi er eingöngu í þeirra nafni og málið varðar almannaheill.“

Að mati skýrsluhöfundar eiga frumframleiðendur ekki að njóta nafnleyndar verði þeir uppvísir að illri meðferð dýra sem brýtur bæði lög enda eru þeir atvinnustarfsemi sem starfar í þágu neytenda og almannaheilla. Loks má nefna að varnaðaráhrif af bættri upplýsingagjöf um einstök mál eru ótvíræð.

Eru óeðlileg hagsmunatengsl?



Við vinnslu þessarar úttektar var reglulega minnst á við skýrsluhöfund á hugsanleg hagsmunatengsl og jafnvel tengsl s.s. vegna **nágretnis á milli eftirlitsaðila og eftirlitsþega eða tengsla vegna þátttöku eftirlitsaðila við kynbótadómgæslu hrossa**. Slíkt ber að taka alvarlega enda er hlutleysi algjört grundvallaratriði í öllu eftirliti.

Í úttektinni frá 2017 sem atvinnuvegaráðuneytið lét gera, var lagt til að “öll samskipti milli MAST og fyrirtækja væru opin og sjálfstæði eftirlitsaðilans tryggt. Tryggja þyrfti jafnframt að engar ástæður séu til að efast um sjálfstæði eftirlitsaðilans, og að það sé gegnsætt. Málefni sem þarf alltaf að vera á dagskrá.”

Þá segir jafnframt í úttektinni: „í a.m.k. einu af viðmiðunarlöndunum eru starfsmenn látnir skrifa undir sérstaka yfirlýsingu um sjálfstæði og hagsmunatengsl eins og t.d. dýralæknar í opinberri þjónustu sem sinna hefðbundnum dýralæknisstörfum samhliða opinberu starfi, eða öfugt, dýralæknar í hefðbundnum praksis sem sinna einnig opinberum störfum (approved veterinarians), svo sem kjötskoðun. Á Íslandi getur þetta skipt máli þar sem nálægð er mikil manna á milli og ekki óalgengt að eftirlitsaðili og eftirlitsþegi þekkist utan sinna starfssviða.“

Í úttektinni frá 2017 var lagt til að “tryggja þyrfti, eftir því sem kostur er, að ekki komi til hagsmunaárekstra vegna skoðana eða þvingunaraðgerða”. Lagt var til að starfsmenn greini frá öllum hagsmunatengslum við ráðningu. Þar var einnig sagt að vegna sérstöðu íslensks þjóðfélags í smæð þess og nálægð fólks getur í sumum tilfellum eftirlitsstarf verið gert erfiðara og að grípa þurfi til aðgerða til að veða þar á móti.

Við svari matvælaráðherra við fyrirspurn þingmanns frá því í fyrra um hvort farið hefði verið eftir þessum tillögum segir ráðuneytið að við „ráðningar eru hæfisreglur stjórnsýsluréttar höfð að leiðarljósi, þ.m.t. er farið yfir möguleg vanhæfissjónarmið umsækjanda vegna annarra starfa þeirra.

Þá koma til skoðunar sérstakar hæfisreglur sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2017/625 sem innleidd var héraðs með reglugerð nr. 234/2020. Í ákvæðinu segir að lögbært yfirvald skuli vera með verklagsreglur og/eða ráðstafanir til reiðu til að tryggja að starfsfólk sem sinnir opinberu eftirliti sé laust við hagsmunaárekstra. Þannig er svohljóðandi ákvæði í samningum MAST við sjálfstætt starfandi dýralækna vegna starfa sem þeir sinna fyrir stofnunina:

„9. gr., Hæfisreglur

Verktaki skal tryggja að ákvæði um hæfisreglur séu uppfylltar, þ.e. að verktaki sé ekki vanhæfur til að sinna verkefnum fyrir verkkaupa sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, og skal hann upplýsa verkkaupa um allt það sem kann að valda vanhæfi hans í störfum sínum fyrir verkkaupa.“

Þá eru starfsmenn skyldugir skv. 20. gr. starfsmannalaga, nr. [70/1996](#), áður en þeir hyggjast, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnureksturs, að skýra Matvælastofnun frá því. Stofnuninni ber innan tveggja vikna að skýra starfsmanni frá því ef starfsemin telst ósamrýmanleg starfi hans og hvort honum sé bannað að hafa hana með höndum.“

Frásagnir af viðbragðsleysi MAST



Skýrsluhöfundur bærur upplýsingar um ábendingar til MAST sem tilkynnendum fannst ekki vera sinnt eða sinnt illa. Erfitt er þó að sannreyna hver viðbrögð MAST voru í einstökum málum eða hvenær þau áttu sér stað þrátt fyrir fullyrðingar viðkomandi einstaklinga. Hins vegar eru frásagnirnar það margar að ástæða er fyrir stjórnvöld og ekki síst MAST til að taka þessi mál til algerrar endurskoðunar.

Hér má sjá nokkrar frásagnir fólks af viðbrögðum eða viðbragðsleysi MAST úr fjölmörgum málum:

„Hvar er stofnunin sem á að gæta velferð skepna? Viljum við svona eftirlit og er því treystandi?“

„Þetta er miklu eldra mál og búið að vera í ferli innan gæsalappa hjá eftirlitsaðilum í einhver ár“

„Einnig hef ég send inn ábendingu um mjög illa fóðruð hross en ekkert var gert og eftirlitsmaður segir að allt hafi verið í lagi. Ég lét fylgja með myndir af þessu hrossi sem er folald sem gekk ennþá undir móðir. Ég vil að þessi skrif séu nafnlaus.“

„Ég hringdi í 112 þann 16. ágúst og tilkynnti meri með folald sem hékk á beinunum úti í gerði. Ég tilkynnti það til MAST daginn eftir, en ekkert er gert.“

„Hún hafi engin svör fengið frá Matvælastofnun: Ég er margbúin að senda þeim póst og ekki í eitt einasta skipti fengið viðbrögð við þeim póstum“

„Dýraeftirlitið er að bregðast og einhver linkind í gangi. Stofnunin fer þarna inn í þrígang. Þann 16.nóv, 6.des og svo í enda desember. Myndirnar eru teknar 23.nóv. Samt segist MAST ekki kannast við neitt af þessu. Sem sagt myndirnar eru teknar mitt á milli fyrstu heimsókna mast. Þetta eru vinnubrögðin.“

„Mast hefur verið í reglulegum samskiptum við eiganda hrossanna. Ég veit að sveitungar tilkynna ekki lengur til Mast um þessi hross, eftir að hafa gert það í mörg ár, þá hafa þeir gefist upp vegna þess að viðbrögð þaðan eru engin.“

„Einn segist hafa upplifað m.a. að það gerist ekkert þegar viðkomandi tilkynnti um alvarlegt ástand dýrs til MAST. Hafði samband við héraðsdýralækni og fékk þá skýringu að viðkomandi væri af góðu fólki kominn og hingað til ekki verið vandamál með aðstæður á staðnum. Þessi dýralæknir horfir enn upp á aðstæðurnar en sinnir ekki lengur þessu búi.“

„Viðbrögð MAST eru ekki í samræmi við alvarleika málsins og vekja enn frekari efasemdir um hæfi stofnunarinnar til að sinna eftirliti með velferð dýra.“

„Íbúi í Borgarnesi segir nærsveitunga sína lamaða vegna illrar meðferðar á hestum í nærsveitinni. Hún er ósátt við yfirvöld að grípa ekki inn í þrátt fyrir endurteknar ábendingar. Dýralæknir hrossasjúkdóma hjá MAST segir málið í ferli hjá stofnuninni.“

„Það er eins og það sé einhver innri lömum kerfisins sem gerir það að verkum að skepnur víða fái að líða fyrir.“

„Engin getur veitt dýrinu lagalega vernd, enda fór dýrið aftur heim til sín“.

„Þetta mál hefur verið tilkynnt áður til stofnunarinnar, bæði af nágranna og dýralækni á svæðinu, en ekki virðist hafa verið brugðist við af hálfu MAST þar sem staðan á hrossunum breyttist ekki. Í desember voru svo 55 hross felld.“

„Ótrúlegt fyrirbæri báknið MAST,- engin sómatilfinning. Orðin innantóm, marklaust bull.“

„Málinu var aldrei fylgt eftir, eigandinn fær útrekaðan langan frest til að sækja dýrið og dýrinu ekki fylgt eftir fram að bata.“

„Hvernig stendur á því að Mast er gjörsamlega vanhæft til að starfa að þessum málum , sem varða velferð dýra hér . Hvað þarf eiginlega til , skelfing að sjá þennan aðbúnað hjá blessuðum skepnunum.“

„Eigandi hrossanna virðist fá endalausán frest. Þá finnur hún verulega að því hvernig MAST sinni eftirliti.“

„Eigendur fá ekki áminningu, fá að eiga dýr áfram og engin sem fylgist með framgangi búskapar, hjá fólki sem getur ekki komið eigin dýrum til bjargar þegar þau eru í sárri neyð!“

„Annar dýralæknir segist hafa tilkynnt alvarleg atvik á búi en hafi svo síðar verið kallaður til til að taka út umkvörtunina sína sjálfur því svo fáir dýralæknar væru á svæðinu og enginn annar til að meta ástandið. Þarna var um alvarlegt ástand að ræða en því miður hafi ekkert gerst varðandi úrbætur þó svo að MAST væri komið með málið í sínar hendur.“

„Um almennt eftirlit varðandi skepnur þá hefur þetta kerfi eins og það er byggt upp í dag algjörlega brugðist. Þetta er svífaseint og í þeim tilvikum sem þarf að bregðast við undir eins þá er eins og það sé verið að leyfa eigendum að njóta vafans frekar en dýrunum. Þannig er þetta bara. Málið í Borgarfirði er bara klassískt dæmi um slíkt. Ég hringdi sjálf snemma varðandi þau hross og þá sagði dýraeftirlitsmaður á svæðinu að þau væru ekki

svona horðuð. Þið sjáið bara á þessum tilsvörum að þetta er algjörlega óhæf vinnubrögð.“

„Hún hefur auk ábendinga til MAST sent matvælaráðherra bréf. Hún hefur þó ekki fengið svör.“

„Samtök um dýravelferð á Íslandi gagnrýna harðlega seinagang MAST sem leiddi til þess að aflífa þurfti hluta þeirra hrossa er hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri MAST, hélt því fram í viðtali fyrir stuttu að málið hafi verið tilkynnt til MAST síðla sumars en sú staðhæfing stangast á við frásögn aðila sem upplýsti búfjáreftirlitsmann um aðbúnað dýranna þann 17. júní og hefur ítrekað erindið margsinnis eftir það.“

„Mast þarf mun sterkari lagaheimilir sem þurfa að vera á mannamáli þannig að eignarréttur fólks verði ekki svona mikill.“

„Framferði starfsfólks Mast er að verða því til ævarandi skammar.“

„Það er ljóst að velferð búfænaðar hér á landi sé langt því frá að vera í lagi. Það er komin tími til að tala hreint út um það, hætta meðvirkni og varpa ljósi á það augljósa sem blasir við okkur. Kerfið hefur brugðis í ótal skipti. Kvalarar dýranna njóta vafans í allt of langan tíma. Þetta er vitað.“

„Einnig ber ég rýrt traust til þessarar stofunnar, MAST, því þeir brugðust þessu dýri að öllu leyti“.

„Nú stöndum við almenningur upp gegn þessu óréttlæti þar sem svokallað kerfi okkar nær ekki að halda betur utan um þessi mál. Það þarf að breyta lagabókstöfum þannig að kvalararnir eigi ekki að geta gert tilkall til þess að halda skepnur ef þeir verða uppvísir að einhverju misjöfnu. Níðingum á ekki að gefa neinn afslátt. Þetta krefst tafarlausra aðgerða stjórnvalda.“

„Tölum um skepnurnar sem drápu úr sulti og vobúð síðasta vor á bæ einum í Dalasýslu. Þessi bæ var undir eftirliti MAST í 6 ár. Heimsóknir voru hvorki fleiri en færri heilar þrjár öll þau ár. Þetta gerist á vakt MAST. Getuleysið er slíkt að þegar um búffjárssviptingu á sér stað þarf nánast undartekningarlaust að fella gripina. Þannig við getum Ýmindað okkur hvað þessar skepnur eru búnað að ganga í gegnum. Eigi að síður telur matvælastofnun í lagi að haldið verði áfram búskap á bænum.“

„Í sumar blöskraði hestamönnum í Borgarnesi ill meðferð hrossa sem voru látin dúsa inn í hesthúsi um hásumar. Hryssa með nýlega köstuðu folaldi hýmdu inn í stíu. Ung tryppi grindhoruð og algjörlega vannærð var komið út án þess að hafa ekki áhyggjur að ástandi þeirra. Feldurinn hræðilegur og mun ekki vernda þau fyrir veðrum og vindum.“

„Það var Steinunn Árnadóttir reyndi að vekja máls á aðbúnaði hestanna við eftirlitsmann Matvælastofnunar í Borgarnesi, án árangurs. Hún hefur fylgt þessu máli vel eftir og opnað augun almennings en það virðist ekki hafa skilað sér sem skildi til MAST.“

„Við þetta má svo bæta að áður hafi Mast haft afskipti af þessum aðila vegna dýraníð fyrir tæpum áratug.“

„Lögregla á Vesturlandi vísar á MAST með rannsókn málsins en þar hefur verið fátt um svör um rannsókn þessa tiltekna máls. Vísað er til þess að stofnuninni sé óheimilt að tjá sig um einstök mál.“

„Í samtölum við dýralækna kom jafnframt fram að erfitt væri að ræða við MAST þegar kæmi upp dýravelferðarmál, farið seint í aðgerðir og, sbr. hér að ofan, oft engar úrbætur gerðar þrátt fyrir heimsóknir og ábendingar/áminningar MAST. Þeir dýralæknar sem rætt var við segjast ekki geta starfs síns vegna og tengsla við MAST sem og sína skjólstaðinga komið fram undir nafni. Slíkt væri ávísun á útilokun sem þeir þekktu of mörg dæmi um.“

„Að sögn X sýslumanns var um 1.600 fjár skoðað á bænum og tuttugu af um 120 hrossum. Stefán sagði að lengi hefði verið grunur uppi um að lög um dýravernd og búfjárhald væru brotin á bænum en eftirlitsaðilar átt erfitt með að sinna skyldum sínum á staðnum vegna mótmæla húsráðenda.“

„Um hádegisbil í gær, sunnudaginn 3. október hringdi ég í símsvara dýralækni á vakt MAST, nánar tiltekið vegna illa kviðrifins lambs í pósthúsi 301. Í símsvara var gefið upp rangt símanúmer fyrir lækni á vakt þennan dag, svo ég hringdi í næsta sem er með vakt í kvöld og ræddi við hann um málið. Umrætt lamb sá ég fyrst seinni part 30.9. og fannst mér ástand lambsins það slæmt, að ég gæti ekki farið um, án þess að öruggt væri að lambið fengi viðeigandi meðferð. Fór ég á næsta bóndabæ, X, og spurði hvort vitað væri um ástand lambsins. Var mér tjáð að lambið væri svona illa kviðrifið. Bjóst ég við að viðkomandi gengi í réttar aðgerðir. Í ferð minni um svæðið í gær sá ég hinsvegar að lambið var þarna enn og ástand þess enn verra og hringdi því eins og fyrr sagði í fulltrúa MAST, dýralækni sem var jú ekki á vakt. Að auki kom í ljós að það var hreinlega enginn dýralæknir á vakt og að það væri ekki mögulegt að ganga í málið fyrr en í dag. Í tilfelli sem þessum er vísað á ykkur (MAST), fulltrúa ykkar og lögreglu, og því hringdi ég líka í hana í gærkvöldi. Lögregla gekk ekki heldur í málið í gær. Í gær 4.10, átti ég aftur leið þarna um og sýndist mér lambið enn vera í sama túni (liggjandi og því ekki hægt að sjá hvort um téð lamb væri að ræða) og hringdi ég í héraðsdýralækni. Sá hafði ekkert heyrt um málið. Hann bað mig að senda ábendingu af MASTvefnum og þá yrði gert eitthvað í málinu í dag. Niðurstaða mín er því að stjórnvöld sinna ekki lögbundinni skyldu sinni alltaf/á öllum svæðum og gera heldur ekki grein fyrir vanefndum þessarrar skyldu á heimasíðu.“

„Mér finnst þetta erfitt, gerði ráð fyrir að þetta eftirlit væri með ágætum....sérstaklega á eins þéttbýlum stað og í nágrenni höfuðborgarinnar. Mér finnst líka óþægilegt að fá ekki að vita um hvernig þetta fer, en í orðsendingu eftir innskil ábendingar til MAST segir: "Matvælastofnun hefur mótttekið erindi þitt og verður það sett í ferli innan stofnunarinnar. Sé um ábendingu að ræða verður málið sett í viðeigandi ferli innan stofnunarinnar. Vinsamlegast athugið að ekki verður haft samband við tilkynnanda varðandi vinnslu málsins nema þörf sé á frekari upplýsingum. Matvælastofnun þakkar ábendinguna. Almennum fyrirspurnum er svarað innan 5 virkra daga. Ef fyrir séð er að afgreiðsla fyrirspurna geti tafist hjá stofnuninni er innsendandi upplýstur þar um." Semsagt ég fæ engar fréttir af hvernig þetta fer.“

„Ljóst er að ekki var farið eftir þessu ákvæði í reglugerð um velferð hrossa; velferð sem Matvælastofnun á að gæta“

„Það er ljóst að aðbúnaður á þessum tiltekna bæ hefur ekki farið fram hjá neinum. Þess vegna vaknar sú spurning hvort menn sem sinna eiga þessum málum séu hreinlega sofandi.“

“Á þessum tímapunkti hefði átt að vera löngu ljóst heilvitum mönnum að slíkir bændur eigi ekki að fá að halda skepnur.”

„Það ætti að vera leyfisskyld til eins árs í senn að hafa búfé og auðveldara þyrfti að vera en nú að svipta þá leyfinu sem bregðast. Hinir, sem allt hafa í lagi fá endurnýjun leyfis sjálfkrafa“

“Ég set spurningamerki við það að búffjárestirlitsmenn haldi búsetu í þeim héruðum sem þeir starfa fyrir vegna tenglsa og vinskapar sem eðlilega myndast. Réttara væri að fá óháða aðila í verkin sem gætu beitt sér harðar.”

“Það er einlæg ósk mín að þessir hlutir verði teknir alvarlega. Dýrin eiga ekki undir neinum kringumstæðum að búa við slæmar aðstæður. Það á að vera í höndum okkar æðstu yfirmanna að láta sig málið varða og standa upp fyrir fyrir réttlæti. Það er ekki gaman að þurfa að stíga inn á þennan vígvöll, mikið þægilegra að líta undan. En nú er undiralda og við krefjumst úrbóta.”

“Þetta er skelfilegt, maður er búin að missa allt álit á MAST!!”

“Því miður er greinilegt að MAST er vita gagnlaus stofnun, allavega varðandi dýravelferð.”

“Það er aldeilis makalaust að ábúendum á þessum býlum skuli enn liðast að hafa dýrahald þrátt fyrir mikla og áframhaldandi vanrækslu.”

“Þetta þarf að stoppa og ráða hæft fólk í dýravernd! Út með MAST!”

“Hvað á að taka langan tíma að fara ofan í saumana á þessari stofnun? Hvað eiga mörg dýr að fara á sláturbílinn og í aflifun vegna hirðuleysis MAST?”

“Það þarf auðsjáanlega að koma eftirliti og eftirfylgni hvað varðar dýravelferð til annara aðila en MAST”

“Þetta er skelfilegt ástand sem þarf að bregðast strax við, áður en fleiri skepnur verða illri meðferð að bráð.”

“Ef MAST hefur talið sig skorta heimildir af hverju hafa þau þá ekki fyrir löngu farið fram á breytingar. MAST er handónýt stofnun þegar kemur að dýravelferð.”

“Ég vil fara að sjá mótmæli eiga sér stað þar sem þess er krafist að velferð dýra verði fjarlægð frá MAST og færð í hendur nýrra samtaka/stofnunar sem er ekki slétt sama um þjáningar þeirra og líf!”

“Skepnurnar þjáast á meðan það er verið að dunda sér við að kanna innra eftirlit hjá Mast.”

“Er búin að komast að því að það voru að minnsta kosti 3 manneskjur sem vildu hjálpa henni X með elsku dýrin hennar og það var nóg fóður á staðnum, en MAST segir að enginn hafi viljað hjálpa, og ekkert fóður hafi verið, þess vegna "þurftu" þau að farga þeim.”

“MAST er alveg sama um dýr, bara meðvirkt fólki sem er líka sama um dýr.”

“Hvern andskotann var MAST að hugsa, þetta er til skammar”

“Mast fór yfir öll mörk þarna”

“Það er ekkert hægt að treysta á MAST”

“Þessi MAST stofnun getur ekki viðurkennt mistök eða að þau hafi haft rangt fyrir sér. Þau hafa alltaf rétt fyrir sér. Beita ósannindum ef þarf til að þau standi upp úr í allri umræðu. Svo rangt, svo ljótt og á meðan þjáast dýrin á þeirra vakt.”

“Gæti skrifað heila ritgerð um vanhæfni MAST á þessu sviði”

“Og það sem kemur sjaldnast fram í svona fréttum er að á bak við svona aðgerðir hjá MAST eru mörg ár og tonn af ábendingum og kærnum héðan og þaðan... enda sögðu þeir á fundinum um Borgarfjarðarmálið að það tæki alltaf amk tvö ár að vinna svona mál hjá MAST, samt eru þeir með stafla af kærnum í gegnum árin í kerfinu - sem þessir yfirmenn könnuðust ekki við og báru fyrir sig að það væri líklega vegna þess að þau væru öll ný í starfi. Þó má þakka forsjóninni að þessi stofnun sjái ekki um barnaverndarmál líka.”

“Því skjóti það skökku við að MAST skuli „halda verndarhendi yfir mannfólki sem tekur að sér að halda dýr og veldur ekki því verkefni“.

„Svín, alifuglar og nautgripir eru þær skepnur sem almenningur sér lítið til og eiga allt sitt undir eftirlit MAST. Þegar koma upp alvarleg frávik í skepnuhaldi í slíkum búum hvernig er tekið á því. Nú hafa myndir borist af slæmum aðbúnaði nautgripa í Skagafirði og hafði sá búfjáreigandi fengið heimsókn MAST þar sem engin frávik voru skráð. Ef ekki hefði verið fyrir myndir sem DÍS fékk að sjá hefði enginn vitað af mjög alvarlegu ástandi dýranna.“



Eru gildi MAST virt?

Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Þau eru:

Fagmennska

Við vinnum sem ein liðsheil, nýtum bestu þekkingu starfsmanna og störfum með faglegum og samræmdum hætti

Gagnsæi

Við stundum opna stjórnáslu, virka upplýsingagjöf og veitum almenningi og viðskiptavinum aðgang að gögnum með rétt þeirra að leiðarljósi

Traust

Við sýnum viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu, gætum hlutleysis í störfum og rökstyðjum ákvarðanir okkar

Gildi MAST eru *fagmennska, gagnsæi og traust*. Í því ljósi er afar áhugavert að skoða fjölmiðlaumfjöllun og umfjöllun á samfélagsmiðlum um MAST.

Í stuttu máli má segja að í hugum flestra sem tjá sig um stofnunina eru þessi gildi ekki sýnileg í störfum MAST. Það er mikið áhyggjuefni. Fjallað var sérstaklega um þessar frásagnir og upplifun fólks af störfum MAST hér að ofan.

Eftirlitsstofnun eins og MAST þarf hafa traust almennings sem sárlega vantar. Þá er sömuleiðis ljóst að almenningur er ekki að upplifa gagnsæi í störfum stofnunarinnar.

MAST skilgreinir sjálft að gagnsæi þannig að í því felst að þau muni „*stunda opna stjórnáslu, virka upplýsingagjöf og veita almenningi og viðskiptavinum aðgang að gögnum með rétt þeirra að leiðarljósi*”. Hér er ljóst að himinn og haf er á milli þessa markmiðs og því sem þorri fólks sem leitar til stofnunarinnar vegna dýravelferðar telur sig upplifa.

Slíkt endurspeglast einnig í vantrú almennings á fagmennsku MAST þegar kemur að dýravernd og eftirliti með dýravelferð. Í fjölmörgum tilvikum taldi fólk sem tjáði sig um stofnunina að hún væri hvorki fagleg né óhlutdræg í eftirlitsstörfum sínum. Skoðun sumra var á þá leið að eftirlitsaðilar MAST tengdust með einum eða

öðrum hætti þeim sem þeir áttu að hafa eftirlit með. Hvort sem það er sanngjörn lýsing eða ekki er það hins vegar mikið áhyggjuefni fyrir stofnunina og stjórnvöld.



Uppbygging á eftirliti með dýravelferð í öðrum löndum



Uppbygging á eftirliti með velferð dýra og matvælaframleiðslu er mismunandi eftir löndum í Evrópu. Í sumum löndum getur sama stofnunin verið ábyrg fyrir bæði dýravelferð og matvælaframleiðslu, en í öðrum getur þessi ábyrgð verið skipt á milli mismunandi stofnana.

Í Bretlandi hefur Umhverfis-, matvæla- og dreifbýlisráðuneytið (DEFRA) umsjón með velferð dýra, en Matvælastofnunin (FSA) ber ábyrgð á reglum um matvælaöryggi.

Í Svíþjóð ber sænska landbúnaðarráðið ábyrgð á reglum um velferð dýra en Matvælastofnun ber ábyrgð á matvælaöryggi og merkingum. Matvælastofnun vinnur að því að tryggja að matvæli séu örugg, en sænska landbúnaðarráðið hefur umsjón með meðferð og velferð dýra sem notuð eru til matvælaframleiðslu.

Í Finnlandi ber finnska matvælaöryggisstofnunin (Evira) ábyrgð á reglum um matvælaöryggi en landbúnaðar- og skógræktarráðuneytið ber ábyrgð á reglum um velferð dýra. Evira vinnur að því að tryggja að matvæli séu örugg, en landbúnaðar- og skógræktarráðuneytið hefur yfirumsjón með meðferð og velferð dýra sem notuð eru til matvælaframleiðslu.

Frakkland: Direction générale de l'alimentation (DGAL) ber ábyrgð á reglum um matvælaöryggi en landbúnaðar- og matvælaráðuneytið ber ábyrgð á reglum um velferð dýra.

Hollenska matvæla- og neytendaöryggisstofnunin (NVWA) ber ábyrgð á reglum um matvælaöryggi en landbúnaðar-, náttúru- og matvælaráðuneytið ber ábyrgð á reglum um velferð dýra.

Í Belgía ber „alríkisstofnun um öryggi matvælakeðjunnar“ (FASFC) ábyrgð á reglum um matvælaöryggi, en „alríkisþjónusta um umhverfið“ ber ábyrgð á reglum um velferð dýra.

Í Bandaríkjunum er ábyrgð á reglum um velferð dýra og matvælaframleiðslu skipt á milli mismunandi stofnana. Bandaríska landbúnaðarráðuneytið (USDA) ber ábyrgð á eftirliti með reglugerðum um velferð dýra og meðhöndlun dýra sem notuð eru í matvælaframleiðslu, í gegnum dýra- og plöntuheilbrigðiseftirlitsþjónustu (APHIS) og matvælaöryggis- og eftirlitsþjónustu (FSIS).

Matvæla- og lyfjaeftirlitið (FDA), sem er hluti af heilbrigðis- og mannþjónustudeild (HHS), ber ábyrgð á eftirliti með matvælaöryggi, þar með talið öryggi matvæla, merkingar matvæla og innflutning á matvælum. Það er mikilvægt að hafa í huga að USDA og FDA vinna náið með ríkis- og staðbundnum stofnunum til að tryggja að matvæla- og dýravelferðarreglum sé framfylgt á réttan hátt og að matvæli séu örugg til neyslu.

Í Þýskalandi er sambandsskrifstofa neytendaverndar og matvælaöryggis (BVL) ábyrg fyrir bæði matvælaöryggi og reglugerðum um dýravelferð. BVL vinnur að því að tryggja að matvæli séu örugg til neyslu á sama tíma og hún hefur umsjón með meðferð og velferð dýra sem notuð eru til matvælaframleiðslu.

Í Danmörku ber danska dýra- og matvælastofnunin (DVFA) ábyrgð á reglum um matvælaöryggi og dýravelferð. Matvælastofnun vinnur að því að tryggja að matvæli séu örugg til neyslu á sama tíma og tryggt er að meðferð og velferð dýra sem notuð eru til matvælaframleiðslu uppfylli lagaskilyrði.

Í Noregi ber norska matvælaeftirlitið (NFSA) ábyrgð á reglum um matvælaöryggi og dýravelferð.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessar stofnanir og skyldur þeirra geta verið mismunandi eftir sérstökum reglugerðum og lögum í hverju landi.

Hugsanlegar lagabreytingar og úrbætur



1. Setja á fót **Dýravelferðarstofu Íslands** og þannig aðskilja eftirlit með dýravelferð frá starfsemi MAST. Hin nýja stofnun myndi heyra undir umhverfisráðuneytið í stað matvælaráðuneytis eins og nú gildir fyrir MAST. Þannig yrði dýravelferð gert hærra undir höfði og klippt yrði á hugsanleg hagsmunatengsl matvælaframleiðslu og dýravelferðar.

Þá yrði gerður meiri greinamunur á á því þjónustuhlutverki sem MAST sinnir núna og eftirlitshlutverki þess. Stjórnsýsla dýravelferðar yrði þannig óháð stjórnsýslu matvælaöryggis. Slíkt mun stórauka traust almennings á eftirliti með dýravelferð á Íslandi.

Þá væri einnig hægt að hugsa sér að eftirlit með dýravelferð færist til nýrrar stofnunar Náttúruvísinda eða Náttúruverndar- og minjastofnunar.

2. **Leyfiskylda allt búfjárhald á Íslandi.** Þannig væri hægt að bregðast hratt við brotum á lögum um dýravelferð, ekki einungis með vörslusviptingu og sektum heldur einnig leyfissviptingu.

Tryggja þyrfti einfalda endurnýjun leyfis hjá þeim sem hafa ekki fengið neinar athugasemdir um dýravelferð. Þó er minnt á úrræði 39. gr. laga um

dýravelferð að MAST getur hún til bráðabirgða svipt umráðamann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið.

3. **Stórauka upplýsingagjöf nýrrar Dýravelferðarstofu** um meðferð mála hjá stofnuninni. Tryggja þarf að almenningur sem tilkynni um hugsanleg brot á dýravelferð fái formlega staðfestingu um slíka tilkynningu og fái einnig ítarlegri upplýsingar um að það sé verið að fylgja eftir málinu.

Þá skiptir máli að eftirlitsskýrslur verði birtar.

Slíkt hefur mikla þýðingu fyrir traust almennings á stofnuninni. Eftirlitsstofnun sem er rúin trausti er ekki mikils virði.

Hér er einnig lagt til að skoða verði betur hvort réttur almennings um upplýsingar um umhverfismál í **upplýsingalögum** geti einnig átt við dýravelferð.

4. Setja á fót „**dýraathvarf**“ þannig að hægt sé að tryggja aðbúnað þeirra dýra sem hafa verið tekin úr umsjá umráðamanns. Nú er vörslusvipt dýr of oft aflífuð þar sem úrræði vantar. Slíkt mætti einnig vera sinnt af verktökum og fjármagnað með gjöldum frá eftirlitsskyldum aðilum sem þá hafa enn ríkari hagsmuni að farið sé eftir lögnum.

5. Auka þarf **eftirlitstíðni nýrrar Dýravelferðarstofu**, ekki síst **óboðað eftirlit með alifuglum og svínum** sem er langt um sjaldgæfara en þegar kemur að öðrum dýrategundum. Aukið eftirlit eykur aðhald gagnvart búfjárhaldi. Samhliða því þarf að bæta áhættumat stofnunarinnar. Aukið eftirlit getur sparað í dýrari úrræðum síðar meira fyrir utan þá augljósu staðreynd að slíkt eykur velferð dýra.

6. Tryggja **skilvirka og skjóta verkferla og aukinn málshraða** þegar kemur grunur um illa meðferð á dýrum. Slíkt skiptir miklu máli fyrir traust almennings á stofnuninni. Með vel fjármagnaðri stofnun á sviði dýravelferðar væri hægt að tryggja slíkt mun betur en nú virðist vera gert.

7. **Auka kærheimildir nýrrar Dýravelferðarstofu og almennings** til að kæra hugsanleg brot til lögreglu.
8. **Auka sektarheimildir og önnur þvingunarúræði stofnunarinnar.** Tryggja þarf að sektir séu ekki það lágar að það geti í einhverjum tilvikum borgað sig að greiða þær í stað þess að ráðast í nauðsynlegar úrbætur.
9. Auka **valdheimildir stjórnarsýsluaðila** til að taka á erfiðum dýravanrækslumálum án tafar.
10. **Tryggja betur rétt nýrrar Dýravelferðarstofu til að komast inn í gripahús án dómsúrskurðar** þar sem eru vörslusvipt dýr og einnig tryggja betur rétt stofnunarinnar til að nota það sem til þarf á búinu til hefðbundinnar umhirðu. Þá þarf að **tryggja betur skyldu umráðamanns til að aðstoða bústjóra** við umhirðuna eftir þörfum, t.d. þegar um tæknivætt dýrahald.
11. **Auka rétt nýrrar Dýravelferðarstofu til að gera ólöglegan búnað upptækan.**
12. **Tryggja þarf að þeir aðilar sem gerast brotlegir við dýravelferð missi opinberan stuðning við búrekstur sinn.**
13. **Tryggja algjört hlutleysi og óhlutdrægni milli eftirlitsaðila og eftirlitsþega.**
14. Tryggja ákvæði í löggjöf þannig að **velferð dýra njóti alltaf vafans í ákvarðanatöku** er varðar dýrahald.
15. **Efla fagráð** um velferð dýra og tryggja sjálfstæði og hlutleysi þess bæði gagnvart stofnuninni og hagsmunaaðilum.
16. **Efla stuðning og samvinnu við félög sem vinna að velferð dýra.**
17. **Tryggja nauðsynlegt fjármagn** fyrir starfsemi stofnunarinnar.